FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
304. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR
— MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* —
ÞRIÐJUDAGUR 27. DESEMBER 2016




Sú harmafregn sem barst á jóladag, að söngvarinn dáði George Michael, væri látinn, hreyfði við mörgum. Fjölda fólks dreif að heimili hans í Goring í Oxfordskíri í Englandi í gær til að minnast hans. Talið er að dánarorsökin hafi verið hjartabilun. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Segir öryrkja hafa dregist aftur úr

**KJARAMÁL** Kaupmáttur heildartekna örorkulífeyrisþega var aðeins einu prósenti hærri árið 2015 en hann var árið 2009. Á sama tímabili jókst kaupmáttur heildarlauna fullvinnandi um fimmtán prósent og lágmarkslauna um sautján prósent. Þetta sýna útreikningar sem Hagfræðistofnun HÍ hefur gert fyrir Öryrkjabandalagið.

Ellen Calmon, formaður félagsins, segir í grein í Fréttablaðinu í dag að frá áramótum verði óskertur lífeyrir 197 þúsund krónur. „Einstaklingur getur ekki lifað á um 197.000 krónum á mánuði ef hann á að geta greitt fyrir fæði, klæði, húsnæði og lyfja-, læknis- og þjálfunarkostnaðar,“ segir Ellen – þh / sjá síðu 17

## Duglegri við að leita aðstoðar

**SAMFÉLAG** Sex sjúkrahúsprestar starfa á Landspítalanum og sinna þeir þúsundum verkefna á hverju ári. Vigfús Bjarni Albertsson segir aukna eftirspurn eftir þjónustu þeirra og samtölum hafi fjölgað um tuttugu prósent í ár. Prestarnir hafa samtals átt 1.400 samtöl við einstaklinga, 1.200 samtöl við fjölskyldur og svo eru um 1.000 samtöl í eftirfylgd. Vigfús Bjarni kveðst ekki hafa skýringar á þessari þróun. „Ekki aðrar en þær að fólk er orðið duglegra við að leita sér aðstoðar,“ segir hann. – jhh / sjá síðu 6

# Deilt í forsætisnefnd um kjör þingmanna

**Forsætisnefnd fundaði um launakjör þingamanna á miðvikudag. Deilt var um hugmyndir um að lækka álögur á laun formanna og varaformanna fastanefnda. Nefndarmönnum þóttu tillögurnar vega að landsbyggðarþingmönnum.**

**KJARAMÁL** Formenn stjórnmálaflokka á Alþingi sendu forsætisnefnd þingsins bréf og lögðu til að nefndin myndi skoða laun og kjör þingmanna með því markmiði að bregðast við úrskurði kjararáðs. Málið var tekið fyrir á fundi forsætisnefndar á miðvikudag og samkvæmt heimildum Fréttablaðsins úr nefndinni deildu nefndarmenn um hvort skerða ætti kjörin.

Laun þingmanna hafa hækkað mikið á árinu og hefur það vakið hörð viðbrögð í samfélaginu. Á kjördag í október úrskurðaði kjararáð um launakjör þingmanna sem fól í sér um 45 prósenta hækkun á þingfararkaupi, eða um 340 þúsund krónur. Fyrr á árinu höfðu þingmenn hlotið rúmlega sjö prósenta hækkun á sínum launum.

Ein af tillögunum sem deilt var um var sú að lækka skyldi álag á formenn og varaformenn fastanefnda. Þingfararkaup er í dag, eftir síðustu hækkun kjararáðs, rúm 1,1 milljón króna og hljóta formenn fastanefnda fimmtán prósent álag ofan á þau laun. Fyrsti varaformaður fær þá tíu prósenta álag og annar varaformaður fimm.

> **Því miður náðist ekki að klára málið fyrir jól en forsætisnefnd mun setjast yfir það á nýju ári**
>
> Steingrímur J. Sigfússon forseti Alþingis



„Eðlilega skoða menn það fyrirkomulag sem er á álagsgreiðslum launa þingmanna sem gegna þeim stöðum. Það er auðvitað annað að vera með fimmtán, tíu eða fimm prósenta álag á þetta þingfararkaup en það kaup sem var fyrir,“ segir Steingrímur J. Sigfússon, forseti Alþingis.

Heimildir Fréttablaðsins herma að ákveðnum nefndarmönnum innan forsætisnefndar hafi fundist tillögur um skerðingar á launum þingmanna ganga of langt og að með þeim væri vegið að þingmönnum af landsbyggðinni.

Steingrímur segir að það hafi verið rökrétt að byrja á því að skoða hvort forsendur væru enn fyrir þessum álagsgreiðslum. Hann segir eðlilegt að menn ræði málin og skiptist á skoðunum og ýmis sjónarmið hafi komið fram.

Aðspurð hvort deilt hafi verið um, innan forsætisnefndar, hvort skerða ætti launakjör þingmanna, segir Þórunn Egilsdóttir, fyrsti varaforseti Alþingis, að mismunandi sjónarmið hafi komið fram.

„Því miður náðist ekki að klára málið fyrir jól en forsætisnefnd mun setjast yfir það á nýju ári,“ segir Steingrímur. Hann segir að tíminn hafi fallið frá nefndinni vegna þess að lagabreytingu þurfi til, ef breyta skuli launum þingmanna. „Við munum að sjálfsögðu taka þau tilmæli alvarlega frá formönnum flokkanna að endurskoða skuli laun og starfskjör þingmanna,“ segir Steingrímur.

thorgeirh@frettabladid.is

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Ólafur Arnarson skrifar um landbúnaðarmál 16
**SPORT** Komnir með doktorsgráðu í markafræði. 18
**LÍFIÐ** Þreytir frumraun í hlutverki Sölku Völku . 38
**PLÚS SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ●

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015









## Veður




Sunnanstormur eða -rok í dag, hvassast um landið norðvestanvert. Talsverð rigning sunnan- og vestanlands, en úrkomulítið norðaustan til. SJÁ SÍÐU 26



**Vonast er til að hægt verði að opna skíðasvæðin í Bláfjöllum í vikunni.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Ekki útlit fyrir að Bláfjöll verði opnuð í vikunni

**SAMFÉLAG** „Við vorum að vona að við gætum opnað milli jóla og nýárs en vegna þess hve mikinn snjó við misstum úr fjallinu er ég ekkert voðalega bjartsýnn á það,“ segir Magnús Árnason, framkvæmdastjóri skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins.

Stefnt var að því að opna skíðasvæðið í Bláfjöllum í gær en vegna mikils roks á aðfangadag varð ekkert úr þeim áformum. Magnús segir veðurfar dagsins í dag ráða úrslitum um það hvort hægt verði að opna skíðasvæðin fyrir nýtt ár.

Skíðasvæðin í Hlíðarfjalli voru opnuð óvænt í gær og renndu um 350 manns sér niður brekkurnar á skíðum og á snjóbrettum. „Það fór að kyngja niður snjó í fyrradag þannig að við tókum þá skyndiákvörðun að opna skíðasvæðið í gær,“ segir Ástmar Reynisson, svæðisstjóri í Hlíðarfjalli.

Ástmar segir veðrið hafi mikið verið að stríða þeim fyrir norðan og það muni ráðast af veðurfari dagsins í dag og á morgun hvort hægt verði að halda skíðasvæðinu opnu. „Starfsfólkið mætir í dag með það að sjónarmiði að opna fjallið en það verður að koma í ljós hvort að það tekst vegna veðurs,“ segir Ástmar. – **þh**

# Kjötsvitinn lak í World Class



**Það lak mikið af hangikjöts- og konfektssvita niður á gólf World Class í Laugum í gær þegar Reykvíkingar og nærsveitamenn reyndu að hlaupa af sér jólaátið. Einn tími var á áætlun, Spinning, og var hvert tæki mannað, að sögn kennarans Þóru Margrétar Jónsdóttur. „Það var gríðarlega mikil stemning í tímanum. Allir voru hressir og orkumiklir, tilbúnir að brenna jólamatinn af sér,“ sagði hún.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Færri ljúka lögmannsprófi

**SAMFÉLAG** Færri lögfræðingar luku námskeiði til að hljóta málflutningsréttindi fyrir héraðsdómi árið 2016 heldur en undanfarin ár. Alls stóðust fimmtíu lögfræðingar prófið á árinu.

Í fyrra luku 74 námskeiðinu, 88 árið 2014 og 90 árið 2013. Meðaltalið frá árinu 2000 hefur verið um 58 nýir lögmenn á ári. Sem stendur eru um 1.100 lögmenn í Lögmannafélagi Íslands og má gera ráð fyrir að sú tala muni ekki hækka á næstunni.

Í frétt í Lögmannablaðinu kemur fram að hlutfall kvenna sem lýkur námskeiðinu sé hærra en síðustu ár. Í ár var hlutfallið rúm 76 prósent en hefur verið í kringum 46 prósent árin á undan. – **jóe**

**» Hlutfall kvenna sem lýkur námskeiðinu er hærra en fyrri ár.**

# Yfir 500 þúsund lítrar af jólabjór seldir í ár

**Sala á jólabjór fór hægar af stað nú en í fyrra. Um 32 þúsund færri lítrar höfðu farið í maga neytenda þann 20. desember. Birgjar farga því sem ekki selst. Jólabjórinn hverfur úr verslunum á þrettándanum og sala á þorrabjór hefst fljótt.**

**SAMFÉLAG** Þann 20. desember var búið að selja 552 þúsund lítra af jólabjór í verslunum ÁTVR, 32 þúsund lítrum minna en á sama tíma í fyrra. Alls voru 43 tegundir í boði fyrir bjórþyrsta þessi jól. Samkvæmt upplýsingum frá ÁTVR er þó ekki búist við að sala á jólabjór dragist mikið saman milli ára en hún hófst tveimur dögum síðar í ár. Í fyrra var byrjað að selja jólabjór á föstudegi en í ár á þriðjudegi. Býst ÁTVR við því að þegar jólabjórsalan verði gerð upp þá munu tölurnar jafnast.

Þó nokkrar jólabjórstegundir seldust upp fyrir jól en margar tegundir eru bruggaðar í litlu magni enda þurfa bjórbirgjar sjálfir að farga sínum jólabjór sem ekki selst í ÁTVR. Sölutímabil jólabjórs er til þrettándans en ekki er búist við að ÁTVR þurfi að skila mörgum lítrum til baka.

Stutt er í að næsta tímabundna bjórtímabil hefjist. Sala á þorrabjór hefst skömmu eftir að jólabjórinn fer. Borg brugghús tekur þó forskot á sæluna en í dag byrjar sala á bjórnum Vínlandi sem gerður er í samstarfi við bruggmeistara Four Winds frá Kanada. Bjórinn er óður til þess að um eitt þúsund ár eru frá því að Leifur Eiríksson og félagar fundu Ameríku. Bjórinn er meðal annars bruggaður úr íslenskum bláberjum og krækiberjum en um tvö til þrjú hundruð kíló af íslenskum berjum fóru í bruggunina, sem að mestu eru af Norður- og Austurlandi.

„Það má segja að haustber okkar Íslendinga séu það næsta sem við komumst náttúrulegum innlendum hráefnum til víngerðar,“ segir Árni Long, bruggmeistari í Borg Brugghúsi.

„Það var mikill heiður að fá að brugga með Four Winds en það er mjög virt brugghús í Kanada. Þeir framleiða tæpa milljón lítra af bjór á ári og hann er nær allur seldur innan fylkismarka Bresku Kólumbíu. Við erum ákaflega ánægðir með útkomuna á Vínlandi og hlökkum til að fá viðbrögð íslensks bjóráhugafólks,“ bætir hann við.

**benediktboas@365.is**



**Frá vinstri: Brent Mills frá brugghúsinu Four Winds, ásamt bruggmeisturum á Borg, Árna Long, Sturlaugi Jóni Björnssyni og Valgeiri Valgeirssyni.** MYND/ALISON PAGE

### Eðli og uppruni jólabjórs

„Flestir framleiðendur nota meira ristað malt í bjórframleiðsluna fyrir jólahátíðina,“ skrifar Gissur Kristinsson vínráðgjafi um jólabjórinn á vef Vínbúðanna. Hinn hefðbundni jólabjór sé því dekkri á litinn en klassíski lagerbjórinn og líkist Classic bjórum helst.

Gissur segir að sögu jólabjórsins megi rekja langt aftur því til séu frásagnir frá víkingatímanum um að norrænir víkingar hafi bruggað sérstaklega bragðmikið og sterkt öl til þess að fagna sólstöðum. „Það er því ekkert nýtt að framleitt sé sérstakt hátíðaöl að vetri til og eðlilegt er að það sé kraftmikið og gefi einhvern hita í kroppinn,“ skrifar Gissur.

**» Sölutímabil jólabjórsins er til þrettándans en ekki er búist við að ÁTVR þurfi að skila mörgum lítrum til baka**



# BÍLALEIGUBÍLAR TIL SÖLU

ALLIR BÍLALEIGUBÍLAR Í ÁBYRGÐ!

KOMDU NÚNA!

MEIRIHÁTTAR TILBOÐ!
ALLT AÐ 400.000 KR. AFSLÁTTUR!
+ SKOTTERTA FRÁ LANDSBJÖRGU FYLGIR ÖLLUM SELDUM BÍLUM



300.000 KR. AFSLÁTTUR!

SKOTTERTA FYLGIR!

**TILBOÐ: 1.690.000 kr.**
~~Verð: 1.990.000 kr.~~
**Ford Fiesta Titanium** FBA15
05/2015, 1,0i bensín, beinskiptur.
Grænn. Ek. 53.000 km.
Í ÁBYRGÐ



400.000 KR. AFSLÁTTUR!

SKOTTERTA FYLGIR!

**TILBOÐ: 1.790.000 kr.**
~~Verð 2.190.000 kr.~~
**Citroën C4 Comfort** RPH03
6/2014, 1,6HDi dísil, sjálfskiptur.
Ljósbrúnn. Ek. 65.000 km.
Í ÁBYRGÐ



200.000 KR. AFSLÁTTUR!

SKOTTERTA FYLGIR!

**TILBOÐ 2.590.000 kr.**
~~Verð 2.790.000 kr.~~
**Peugeot 2008 Allure** PJU05
04/2016, 1,2i bensín, sjálfskiptur.
Grár. Ek. 32.000 km.
Í ÁBYRGÐ



300.000 KR. AFSLÁTTUR!

SKOTTERTA FYLGIR!

**TILBOÐ: 1.690.000 kr.**
~~Verð: 1.990.000 kr.~~
**Ford Focus Trend** NPK22
05/2014, 1,6TDCi dísil, beinskiptur.
Rauður. Ek. 84.000 km.
Í ÁBYRGÐ



200.000 KR. AFSLÁTTUR!

SKOTTERTA FYLGIR!

**TILBOÐ 1.990.000 kr.**
~~Verð: 2.190.000 kr.~~
**Citroën C4 Cactus Feel** DJT42
06/2015, 1,6HDi dísil, sjálfskiptur.
Hvítur/svartur. Ek. 69.000 km.
Í ÁBYRGÐ



300.000 KR. AFSLÁTTUR!

SKOTTERTA FYLGIR!

**TILBOÐ 3.290.000 kr.**
~~Verð: 3.590.000 kr.~~
**Ford Mondeo Titanium** BTD83
03/2015, 1,5i bensín, sjálfskiptur.
Silfur. Ek. 61.000 km.
Í ÁBYRGÐ



200.000 KR. AFSLÁTTUR!

SKOTTERTA FYLGIR!

**TILBOÐ: 1.090.000 kr.**
~~Verð 1.290.000 kr.~~
**Citroën C3 Seduction** LDK77
05/2013, 1,4HDi dísil, beinskiptur.
Silfur. Ek. 82.000 km.
Í ÁBYRGÐ



140.000 KR. AFSLÁTTUR!

SKOTTERTA FYLGIR!

**TILBOÐ 950.000 kr.**
~~Verð 1.090.000 kr.~~
**Ford Ka** TGJ30
02/2014, 1,2i bensín, beinskiptur.
Grár. Ek. 60.000 km.
Í ÁBYRGÐ



400.000 KR. AFSLÁTTUR!

SKOTTERTA FYLGIR!

**TILBOÐ 4.290.000 kr.**
~~Verð: 4.690.000 kr.~~
**Mazda6 Optimum AWD** IZL23
04/2016, 2,2 SKYACTIV dísil, sjálfskiptur.
Grár. Ek. 38.000 km.
Í ÁBYRGÐ



300.000 KR. AFSLÁTTUR!

SKOTTERTA FYLGIR!

**TILBOÐ: 1.490.000 kr.**
~~Verð 1.790.000 kr.~~
**Citroën C4 Comfort** GEM80
3/2014, 1,6HDi dísil, sjálfskiptur.
Dökkgrár. Ek. 100.000 km.
Í ÁBYRGÐ



200.000 KR. AFSLÁTTUR!

SKOTTERTA FYLGIR!

**TILBOÐ: 2.690.000 kr.**
~~Verð: 2.890.000 kr.~~
**Ford Focus Trend Edition** DHX81
05/2016, 1,0i bensín beinskiptur.
Hvítur. Ek. 36.000 km.
Í ÁBYRGÐ



400.000 KR. AFSLÁTTUR!

SKOTTERTA FYLGIR!

**TILBOÐ 3.090.000 kr.**
~~Verð 3.490.000 kr.~~
**Volvo V40 Cross Country Kinetic** GNT32
05/2015, 1,6 D2i dísil, sjálfskiptur.
Hvítur. Ek. 61.000 km.
Í ÁBYRGÐ

- Brimborg tekur allar tegundir bíla uppí
- Allt að 90% fjármögnun í boði
- Komdu og prófaðu

**NOTADIR.BRIMBORG.IS**

FYLGSTU MEÐ Á FACEBOOK
Notaðir bílar - Brimborg

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga 12-16.

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Myndir af bílunum eru aðeins tákn um bíla sömu gerðar og því getur útbúnaður og litur verið frábrugðinn.

# Skipað hefur verið í eftirlitsnefnd með störfum lögreglunnar

**STJÓRNSÝSLA** Skipað hefur verið í eftirlitsnefnd með störfum lögreglu í samræmi við breytingar á lögreglulögum sem Alþingi samþykkti síðastliðið vor. Eftirlitsnefndinni, sem er sjálfstæð stjórnsýslunefnd, er meðal annars ætlað að taka við erindum frá borgurum og greina hvort um sé að ræða kæru um refsiverða háttsemi eða kvörtun er lúti að starfsaðferðum lögreglu. Þetta kemur fram í tilkynningu frá innanríkisráðherra.

Aðdragandi málsins er sá að innanríkisráðherra skipaði nefnd í byrjun árs 2015 sem fjallaði um meðferð kvartana og kærumála á hendur lögreglu. Var nefndin skipuð í kjölfar ábendinga frá umboðsmanni Alþingis og ríkissaksóknara um að úrbóta væri þörf.



**Lögreglan við störf í miðborg Reykjavíkur.** FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Engin bein fyrirmæli um innra eftirlit með starfsháttum lögreglunnar var að finna í lögreglulögum og ekkert slíkt innra eftirlit var starfrækt með formlegum hætti. Á tímabilinu 2005 til 2014 var fjöldi kæra á hendur lögreglu á bilinu 17 til 36 á ári og leiddi lítill hluti málanna til ákæru, eða á bilinu ekkert til þrjú ákærumál á ári. Flestar kærurnar vörðuðu handtökur og aðrar þvingunarráðstafanir lögreglu.

„Hvað varðar fjölda kvartana vegna starfa lögreglu á tímabilinu þá gáfu þær upplýsingar sem bárust frá lögreglustjórum tilefni til þess að ætla að nokkuð skorti á að haldið hafi verið utan um mál vegna kvartana með viðeigandi hætti," segir í greinargerð frumvarpsins að breytingum á lögreglulögum.

Nefnd innanríkisráðherra gerði tillögur að breyttu verklagi og lagabreytingum sem Alþingi samþykkti með breytingum á lögreglulögum síðastliðið vor.

Formaður eftirlitsnefndarinnar er Trausti Fannar Valsson, dósent við Háskóla Íslands, sem skipaður er án tilnefningar, og aðrir nefndarmenn eru Þorbjörg Inga Jónsdóttir hæstaréttarlögmaður, tilnefnd af Mannréttindaskrifstofu Íslands og Kristín Edwald hæstaréttarlögmaður, tilnefnd af Lögmannafélagi Íslands. Eftirlitsnefndin er skipuð til fjögurra ára. – **þh**

## Sektað sökum gleymsku

**VIÐSKIPTI** Megind ehf. þarf að greiða 250 þúsund krónur í sekt eftir að fyrirtækið gerði Fjármálaeftirlitinu ekki viðvart um að eignarhlutur félagsins í rekstrarfélaginu Summu fór yfir 50 prósent. Sátt náðist um sektina.

Í mars keypti Megind ehf. 26 prósenta hlut í Summu en átti fyrir 49 prósenta hlut í félaginu. Með því fór félagið yfir 50 prósenta þröskuldinn og bar því að tilkynna Fjármálaeftirlitinu um kaupin fyrir fram. Það var ekki gert.

Með hliðsjón af umfangi brotsins, atvikum máls að öðru leyti og í ljósi þess að málinu var lokið með sátt við upphaf athugunar þótti sektin hæfilega ákveðin 250 þúsund.

Summa hefur verið í eigu Megindar og Íslandsbanka. – **jóe**

## Geri úttekt á upplýsingagjöf til fanga

**STJÓRNSÝSLA** Umboðsmaður Alþingis hefur beint þeim tilmælum til innanríkisráðuneytisins að gerð verði úttekt á stöðu upplýsingagjafar til erlendra fanga í fangelsum landsins. Þetta kemur fram í nýju áliti hans.

Málið má rekja til kvörtunar fanga af erlendum uppruna sem var færður úr opnu fangelsi yfir í lokað vegna agabrota. Við komuna í lokaða fangelsið voru henni kynntar reglur þess munnlega á ensku og að auki fékk hún bækling á íslensku með reglunum.

Í lögum um fullnustu refsinga kemur fram að skylt sé, við upphaf afplánunar, að afhenda fanga upplýsingar um réttindi hans og reglur á tungumáli sem hann skilur. – **jóe**

# Ekkert útlit fyrir Uber á Íslandi

**541 leigubílaleyfi er virkt í ár en þau voru 537 árið 2008. Leyfum hefur því ekki fjölgað þrátt fyrir aukinn ferðamannastraum. Gefa þyrfti starfsemina frjálsa ef leyfum ætti að fjölga. Það myndi opna á komu Uber.**

**SAMGÖNGUR** Alls fóru 472.672 ferðamenn um Keflavíkurflugvöll árið 2008. Þá voru virk leigubílaleyfi í landinu 537 talsins. Árið 2015 fóru 1.261.938 ferðamenn um Keflavíkurflugvöll en virk leigubílaleyfi voru 547. Á meðan fjöldi ferðamanna næstum þrefaldaðist fjölgaði virkum leigubílaleyfum um tíu.

Þetta kemur fram í svari Samgöngustofu við fyrirspurn Fréttablaðsins. Eru þar gefnar tölur um fjölda virkra leigubílaleyfa undanfarin ár. „[H]eildartalan hverju sinni er alltaf hærri þar sem leyfishafi má leggja leyfið inn tímabundið í allt að fjögur ár á tíu ára tímabili og taka þarf tillit til þeirra leyfa," segir í svarinu.

Eins og er er takmörkun á útgefnum leigubílaleyfum. Þannig er heimild á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum fyrir samtals 560 leigubíla, að teknu tilliti til þeirra leyfa sem eru lögð inn tímabundið. Þá er einnig heimild fyrir 21 leigubíl á Akureyri og átta í Árborg.

Þessi takmörkun er sömuleiðis það sem stendur bandaríska leigubílafyrirtækinu Uber fyrir þrifum. Greint var frá því fyrir rétt rúmum tveimur árum að nógu margar undirskriftir hefðu safnast til þess að Uber gæti hafið starfsemi í Reykjavík. Ekkert hefur hins vegar heyrst af þeim áformum síðan þá og er Reykjavík enn eina höfuðborg Norðurlanda þar sem þjónusta Uber er ekki aðgengileg.

„Uber fellur því eins og staðan er í dag ekki undir þau lög og reglur sem gilda um leigubifreiðar. Til að Uber gæti starfað hér á landi þyrfti því að koma til breyting á regluverkinu. Eitt það helsta er að gefa þyrfti starfsemina frjálsa," segir í svarinu frá Samgöngustofu.




**Leigubílstjórar víða um heim eru ósáttir við Uber og hafa mótmælt starfsemi fyrirtækisins harðlega. Þessir tveir krefjast þess að fyrirtækið stöðvi og líkja því við mafíu.** NORDICPHOTOS/AFP

» **Uber hefur hvorki átt samskipti við Samgöngustofu né innanríkisráðuneytið.**

Fréttablaðið sendi fyrirspurn bæði á Samgöngustofu og innanríkisráðuneytið um hvort Uber hefði haft samband síðastliðin tvö ár varðandi hugsanlega komu til Íslands. Samkvæmt svörum við þeim fyrirspurnum hefur það ekki gerst.

Enn er því óljóst hvort Uber hyggist bjóða upp á þjónustu sína á Íslandi þrátt fyrir að margt hafi bent til þess árið 2014.

**thorgnyr@frettabladid.is**




# Íbúar í Sunnuhlíð ekki á vasapeningum

**SAMFÉLAG** Hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð tekur þátt í tilraunaverkefni um nýtt og breytt fyrirkomulag á greiðsluþátttöku íbúa. Íbúum Sunnuhlíðar verður ekki úthlutað vasapeningum. Með afnámi svokallaðs vasapeningakerfis er stefnt að auknu sjálfræði aldraðra.

Í Sunnuhlíð verða teknar upp sértækar greiðslur fyrir húsaleigu og annan kostnað sem fylgir heimilishaldi og íbúar ráða eigin fé.

Starfshópi sem Eygló Harðardóttir, húsnæðis- og félagsmálaráðherra, skipaði 3. maí á þessu ári var falið að útfæra og koma tilraunaverkefninu á. Starfshópurinn er skipaður fulltrúum frá Landssambandi eldri borgara, Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu, Sjúkratryggingum, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Tryggingastofnun og velferðarráðuneytinu. Annað hjúkrunarheimili á höfuðborgarsvæðinu er með mögulega þátttöku til skoðunar.




**Íbúar í Sunnuhlíð, hjúkrunarheimili aldraðra í Kópavogi, fá að njóta þess að taka þátt í tilraunaverkefni um afnám vasapeninga.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTONBRINK

Tilraunaverkefnið fékk lagastoð þegar Alþingi samþykkti þann 13. október síðastliðinn breytingu á lögum um málefni aldraðra.

Þar er kveðið á um tilraunaverkefnið og hjúkrunar- og dvalarheimilum sem rekin eru af opinberum aðilum og taka þátt í verkefninu gert kleift að innheimta þau gjöld sem nýtt fyrirkomulag greiðsluþátttöku kallar á.

Eygló sagði í viðtali við Fréttablaðið á árinu að hún teldi vasapeningakerfið úrelt. „Ég vil fá norræna kerfið þar sem þú færð bara peninginn í hendurnar og þá hefur viðkomandi oft meira valfrelsi um það hvernig peningunum er ráðstafað. Þetta verður að vera svolítið einstaklingsmiðað," sagði Eygló. – **kbg**

SÖLUSTAÐIR UM ALLT LAND 2016



# FLUGELDAMARKAÐIR BJÖRGUNARSVEITANNA

## SÖLUSTAÐIR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

**Reykjavík - Vesturbær**
- Risaflugeldamarkaður björgunarstöðinni Gróubúð, Grandagarði 1
- við Sundlaug Vesturbæjar

**Seltjarnarnes**
- Björgunarstöðin Gaujabúð við Suðurströnd

**Reykjavík - Austurbær**
- Risaflugeldamarkaður húsi Flugbjörgunarsveitarinnar, við Flugvallaveg
- í Skeifunni
- við Holtagarða
- við Lágmúla
- Skátaheimili Skjöldunga, Sólheimum 21a
- Kringlan (við World Class)

**Reykjavík - Grafarvogur**
- Spöngin

**Reykjavík - Breiðholt**
- við verslunina Hólagarði
- við verslunina Nettó í Mjódd

**Reykjavík - Árbær/Höfði**
- Risaflugeldamarkaður Malarhöfða 6
- Össur, Grjóthálsi
- Bílabúð Benna, Vagnhöfða 23
- Skátamiðstöðin, Hraunbæ 123 (við Bónus)

**Reykjavík - Grafarholt**
- Húsasmiðjan

**Reykjavík - Norðlingaholt**
- Norðlingabraut 1

**Kópavogur**
- Risaflugeldamarkaður björgunarmiðstöðinni við Bryggjuvör, Bakkabraut 4
- Nýbýlavegur (hjá Bónus)
- Kraftvélar
- Salalaug
- Krónan við Vallarkór 4

**Garðabær**
- Risaflugeldamarkaður við Bæjarbraut
- Kauptún á móti IKEA
- Skátaheimilið við Breiðumýri

**Hafnarfjörður**
- Risaflugeldamarkaður Björgunarmiðstöðinni Hvaleyrarbraut 32 (aðkoma frá Lónsbraut)
- Flatahrauni 14, (gamla slökkvistöðin)
- Tjarnarvellir

**Mosfellsbær**
- Björgunarsveitarhúsið, Völuteigi 23
- við Krónuna

**Kjalarnes**
- við áhaldahús (Þórnýjarbúð)

## SÖLUSTAÐIR UM ALLT LAND

**Akranes**
Björgunarmiðstöðin, Kalmansvöllum 2

**Borgarnes og Borgarfjörður**
Björgunarsveitarhúsið, Brákarbraut 18
Bútæknihúsið á Hvanneyri
Björgunarsveitarhúsið Þorsteinsbúð, Reykholti

**Snæfellsnes sunnanvert**
Björgunarsveitarhúsið, Laugagerði

**Stykkishólmur**
Björgunarsveitarhúsið, Nesvegi 1a

**Grundarfjörður**
Björgunarhúsið, Sólvöllum 17a

**Rif**
Björgunarstöðin Von, Hafnargötu 1

**Búðardalur**
Björgunarsveitarhúsið, Vesturbraut 12

**Reykhólar**
Björgunarsveitarhúsið, Suðurbraut 5

**Patreksfjörður**
Björgunarsveitarhúsið Sigurðarbúð við Oddagötu

**Bíldudalur**
Björgunarsveitarhús Hafnarbraut 12

**Barðaströnd**
Brjánslækur

**Tálknafjörður**
Björgunarsveitarhúsið v/Strandgötu 42b

**Súðavík**
Björgunarsveitarhúsið, Ákabúð

**Ísafjörður**
Félagsheimilið Hnífsdal

**Bolungarvík**
Björgunarsv.húsið, Hafnargötu 60

**Flateyri**
Bryggjuhúsinu

**Suðureyri**
Björgunarsveitarhúsið, Skólagötu 3

**Þingeyri**
Björgunarsveitarhúsið Stefánsbúð

**Drangsnes**
Björgunarsveitarhúsið, Grundargötu 21

**Hólmavík**
Rósubúð, Höfðagötu 9

**Blönduós**
Björgunarfélagshúsið, Efstubraut 3

**Skagaströnd**
Í húsi Rauða krossins

**Hvammstangi**
Björgunarsveitarhúsið Húnabúð, Höfðabraut 30

**Hofsós**
Björgunarsveitarhúsið við Skólagötu 1, (nýbygging)

**Varmahlíð**
Björgunarstöðin við Sauðárkróksbraut

**Sauðárkrókur**
Björgunarsveitarhúsið Sveinsbúð, Borgarröst 1

**Siglufjörður**
Þormóðsbúð, Tjarnargötu 18

**Eyjafjarðarsveit**
Hrafnagilsskóli

**Ólafsfjörður**
Námuvegi 2, (vestanverðu)

**Akureyri**
Risaflugeldamarkaður í húsnæði björgunarsveitarinnar Súlna, Hjalteyrargötu 12

**Grenivík**
Björgunarsveitarhúsið Ægisbúð

**Dalvík**
Gunnarsbraut 4

**Hrísey**
Björgunarsveitarhúsið, Ægisgötu 13

**Grímsey**
Björgunarsveitarhúsið

**Svalbarðseyri**
Valsárskóli

**Aðaldalur**
Hjálparsveitarhúsið, Iðjugerði 1

**Kópasker**
Björgunarsv.húsið, Bakkagötu 6

**Þingeyjarsveit**
Björgunarsveitarhúsið að Stóru-Tjörnum, Melgötu 9

**Raufarhöfn**
Björgunarsv.húsið Stjörnubúð

**Mývatnssveit**
Björgunarsveitarhúsið, Múlavegi 2

**Þórshöfn**
Björgunarsv. húsið Hafliðabúð, Fjarðarvegi 6

**Bakkafjörður**
Björgunarsveitarhúsið Arnarbúð

**Vopnafjörður**
Björgunarsveitarhúsið Vogabúð

**Egilsstaðir**
Björgunarsveitarhúsið, Miðási 1-5

**Seyðisfjörður**
Björgunarsveitarhúsið, Hafnargötu 17

**Eskifjörður**
Slysavarnahúsið, Strandgötu 11

**Reyðarfjörður**
Björgunarsv.húsið Þórðarbúð

**Borgarfjörður eystri**
Björgunarsveitarhúsið Heiði

**Djúpivogur**
Sambúð, Mörk 12

**Neskaupstaður**
Hempa, Strandgötu 44

**Breiðdalsvík**
Björgunarsv. húsið, Selnesi 8

**Fáskrúðsfjörður**
Slysavarnahúsið, Grímseyri 9

**Hornafjörður**
Hús Björgunarfélagsins, Álaugarvegi 9

**Kirkjubæjarklaustur**
Björgunarstöðin á Iðjuvöllum

**Skaftártunga**
Björgunarsveitin Stjarnan

**Álftaver**
Björgunarsveitin

**Vík**
Björgunarsveitarhúsið, Smiðjuvegi 15

**Vestur - Eyjafjöll** Heimaland
Björgunarsveitarhúsið, Bræðrabúð

**Hvolsvöllur**
Björgunarsveitarhúsið, Dufþaksbraut 10

**Landeyjar**
Björgunarsv.húsið Sléttuból

**Hella**
Flugbjörgunarsveitarhúsið, Dynskálum 34

**Vestmannaeyjar**
Björgunarfélagshúsið, Faxastíg 38

**Flúðir**
Björgunarsveitarhúsið, Smiðjustíg 8

**Skeiða- og Gnúpverjahreppur**
Árnesi

**Biskupstungur**
Bjarkarbraut 2, Reykholti

**Selfoss**
Björgunarmiðstöðin, Árvegi 1
Austurvegi 23

**Stokkseyri**
Söluskúr við Smiðshús

**Eyrarbakki**
Björgunarsveitarhúsið, Búðarstíg 21

**Þorlákshöfn**
Óseyrarbraut 10
Kiwanishúsið

**Laugarvatn**
við Samkaup-Strax, Dalbraut 6

**Hveragerði**
Hjálparsveitarhúsið, Austurmörk 9

**Reykjanesbær**
Björgunarsveitarhúsið, Holtsgötu 51

**Sandgerði**
Björgunarsveitarhúsið, Austurgarði 4-6 (við höfnina)

**Vogar**
Björgunarskýlið, Iðndal 5

**Garður**
Björgunarsveitarhúsið Þorsteinsbúð

**Grindavík**
Björgunarsveitarhúsið, Seljabót 10

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

*Víðtækt starf Slysavarnafélagsins Landsbjargar miðar að því að bjarga mannslífum, verðmætum og koma í veg fyrir slys. Um eitt hundrað sveitir sjálfboðaliða eru til taks allan sólarhringinn, alla daga ársins.*

*Flugeldasalan er helsta tekjulind björgunarsveitanna og getur skipt sköpum. Tryggðu eigið öryggi og keyptu flugeldana af okkur.*



Það kostar um 50 milljónir á mánuði að leigja Egilshöll. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Vilja aðskilja þrifin frá virðisaukanum

**SAMFÉLAG** Reginn fasteignafélag hefur óskað eftir því við Reykjavíkurborg að gerður verði viðauki við gildandi leigusamning um Egilshöll. Tilefni erindisins er úthýsing félagsins á rekstrar- og stoðþjónustu Egilshallar til ISS Íslands ehf., því sú þjónusta ber virðisaukaskatt.

Viðaukanum verður skipt upp í annars vegar endurgjald vegna þrifa, ræstinga og snjómoksturs og hins vegar leigu og aðra fasteignaumsjón. Sá hluti, sem er vegna þrifa, ræstinga og snjómoksturs, bæri virðisaukaskatt, sem gæfi þá félaginu möguleika á að jafna þeim skatti á móti eigin skattgreiðslum.

Dæmi um hvernig leigan verður innheimt, samkvæmt bréfi borgarlögmanns til borgarráðs, er að leiga fyrir maímánuð er nú um 50 milljónir króna auk virðisaukaskatts en verður innheimt þannig að rúmar 47 milljónir verða innheimtar sem grunnleiga og án virðisaukaskatts en afgangurinn, tæpar þrjár milljónir verða innheimtar með virðisaukaskatti. Leggur borgarlögmaður til að viðaukinn verði samþykktur. -bb

## Haldið á refaveiðar



Írskir refaveiðimenn fóru á stjá í gær. Refaveiðar eru enn löglegar á Írlandi og margir nýta 26. desember, dag heilags Stefáns, til þess að fara á veiðar. Dagur heilags Stefáns er kenndur við Stefán, sem er talinn hafa verið grýttur til bana fyrir trú sína á Krist árið 36. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Álag á sjúkrahúsprestum í desember

**Sálgæslusamtölum sjúkrahúspresta hefur fjölgað í ár um 20 prósent frá fyrra ári. Sjúkrahúsprestur segir mikið leitað til presta í desember. Tilfinningar ýfast upp um jólin. xSex prestar á Landspítalanum hafa átt 1400 samtöl við einstaklinga og 1200 við fjölskyldur.**

**SAMFÉLAG** „Desember er álagsmánuður. Það sem er sárt verður sárara. Þetta er hátíð tilfinninga, fólk finnur meira til og allt sem gerist hefur mikil áhrif og ekki minni áhrif heldur en á öðrum tíma,“ segir Vigfús Bjarni Albertsson, sjúkrahúsprestur á Landspítalanum. Hann segir að á þessum tíma leiti margir sem eigi um sárt að binda í eftirfylgniviðtöl.

Sex sjúkrahúsprestar eru í fullu starfi á Landspítalanum. Þeir veita sjúklingum viðtöl á dagvinnutíma og skipta sér niður á ýmis svið spítalans. Vigfús Bjarni sinnir Barnaspítala Hringsins. Utan dagvinnutíma, um helgar og á hátíðisdögum, er síðan einn prestur á bakvakt sem sinnir því sem kemur óvænt upp á. Það sem af er ári hefur orðið um

> **Þetta er hátíð tilfinninga, fólk finnur meira til og allt sem gerist hefur mikil áhrif og ekki minni áhrif heldur en á öðrum tíma,**
>
> Vigfús Bjarni Albertsson sjúkrahússprestur á Landspítalanum

tuttugu prósenta aukning í sálgæslusamtölum frá árinu í fyrra.

Prestarnir sex hafa átt 1.400 samtöl við einstaklinga, 1.200 samtöl við fjölskyldur og svo eru um 1.000 samtöl í eftirfylgd. „Viðtölum og útköllum fjölgar á milli ára,“ segir Vigfús Bjarni en kveðst ekki hafa skýringar á þessari þróun. „Ekki aðrar en þær að fólk er orðið duglegra við að leita sér aðstoðar,“ segir hann.

Vigfús segir að núna í desember hafi verið gríðarlega mikið af fjölskyldufundum. „Það er bæði fólk sem er að takast á við erfið tíðindi, er að fá erfið tíðindi og svo bara eftirfylgd. Þetta eru tíðindi sem varða líf og heilsu einhvers í fjölskyldunni,“ segir hann. Hann segir starfið alls ekki snúast eingöngu um að halda utan um fólk sem hefur misst sína nánustu heldur líka aðstandendur fólks sem stríðir við erfið veikindi. „Maður er mikið í viðtölum við fólk sem er að berjast á þeim tíma með fólkinu sínu. Það er meira heldur en hitt,“ segir hann.

jonhakon@frettabladid.is



Vigfús Bjarni Albertsson segir marga leita til presta í desember FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


Það eru girnileg jól framundan í Hafinu




Stútfullar búðir af stórum hátíðarhumri. Heimalagaður reyktur og grafinn lax, sósur og ómótstæðileg humarsúpa.

Opnunartími yfir hátíðarnar:
Alla virka daga frá 10-18:30
Aðfangadag frá 09-12
Gamlársdag frá 10-14

HAFIÐ FISKVERSLUN

Hlíðasmára 8 | Skipholti 70 | Spönginni 13
Sími 554 7200 | facebook

# Borgin bannar eigendum að færa hús í Skuggahverfinu

**Eigendur lóðar á horni Vegahúsastígs og Klapparstígs fá ekki leyfi hjá borginni til að færa til 117 ára gamalt timburhús sem heilbrigðiseftirlitið telur óíbúðarhæft og Minjastofnun aflétti friðun á 2014 og segir enga ástæðu til að varðveita. Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins vildu samþykkja ósk lóðareigendanna.**

**SKIPULAGSMÁL** Fulltrúar meirihlutans auk framsóknarmanna í borgarstjórn synjuðu eigendum gamalla húsa á samliggjandi lóðum við Vegahúsastíg 1 og Klapparstíg 19 um deiliskipulagsbreytingu sem falið hefði í sér sex nýjar íbúðir á lóðunum.

Í umsögn skipulagsfulltrúa borgarinnar kemur fram að lóðareigendurnir hefðu að ósk borgarinnar lagt fram nýja tillögu um skipulag lóðanna eftir fund í lok nóvember. Þar var gert ráð fyrir að halda bæði í steinbæ á Klapparstígslóðinni og timburhús frá 1889 á Veghúsastíg 1 en færa það ofar í lóðina. Þá átti að auka magn nýbygginga um 300 fermetra, úr 810 fermetrum í 1.115. Nýbygging yrði reist fjær lóðarmörkum en áður hafi verið gert ráð fyrir.

„Sá hluti nýbygginga, sem gert var ráð fyrir að byggja við lóðarmörk Klapparstígs 17, var færður að lóðarmörkunum, en það hefði, ásamt hækkun bygginganna, í för með sér talsverða aukningu á skuggavarpi á lóðina Klapparstíg 17. Tillaga þessi tekur ekki nægilegt mið af gömlu húsunum sem gert er ráð fyrir að varðveita og er byggingarmagn samkvæmt breytingartillögu of mikið fyrir þessa lóð,“ segir í umsögn skipulagsfulltrúans.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokks greiddu atkvæði gegn því að ósk lóðareigendanna um nýtt skipulag yrði hafnað.

„Húsið við Veghúsastíg 1 var metið ónýtt árið 2011. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur mat húsið óíbúðarhæft í byrjun árs 2012 og Minjastofnun affriðaði húsið á árinu 2014 vegna bágs ástands þess,“ bentu sjálfstæðismenn á í bókun og minntu á að Minjastofnun gerði ekki athugasemdir við að gamla timburhúsið yrði rifið. Eðlilegt væri að fallast á deiliskipulagsbreytinguna.

„Gamla timburhúsið við Veghúsastíg 1 hefur ótvírætt varðveislugildi,“ bókaði hins vegar meirihlutinn í borgarstjórn ásamt fulltrúum Framsóknarflokks. Ekki mætti „rífa það eða fjarlægja“.

Málið á sér allnokkra sögu sem hófst árið 2008 þegar lóðirnar tvær voru sameinaðar í eina. Samkvæmt deiliskipulagi frá 2004 mátti rífa steinbæinn á Klapparstíg 19 sem er sá síðasti sinnar tegundar í Skuggahverfinu.

„Árið 2009 var lögð fram fyrirspurn um nýbyggingu með sjö íbúðum og með þeirri tillögu var gert ráð fyrir að rífa bæði steinbæinn og timburhúsið,“ segir í upprifjun skipulagstjóra. Þessu hafnaði borgin á sínum tíma.

Eins og fyrr segir eru lóðareigendurnir nú tilbúnir að varðveita gamla húsið en færa það austar á lóðina. „Þó að timburhúsið sé illa farið, væri æskilegt að gera við það eða eftir atvikum endurbyggja það á núverandi stað, helst á upphaflegum undirstöðum,“ segir hins vegar í umsögn skipulagsstjóra. gar@frettabladid.is



Húsið sem styrinn stendur um er núna að Vegamótastíg 1. það verður ekki flutt. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Tillaga arkitekta Arkís um nýbyggingar á horni Veghúsastígs og Klapparstígs. MYND/ARKÍS

> Minjastofnun affriðaði húsið á árinu 2014 vegna bágs ástands þess og gerði ekki athugasemdir við niðurrif þess.“
>
> Úr umsögn skipulagsstjóra Reykjavíkur

## Búist við asahláku í dag

Búist er við sunnanstormi eða roki með talsverðri rigningu og asahláku í dag. Í tilkynningu sem Veðurstofan sendi frá sér í gær segir að það muni hvessa í fyrramálið og spáð sé sunnan 18 til 25 metrum á sekúndu um hádegisbil á morgun en 20 til 28 metrum á sekúndu um landið norðvestanvert. Einnig má búast við mjög hvössum vindstrengjum við fjöll, einkum norðvestan til. Þá verður talsverð rigning um landið sunnan- og vestanvert en úrkomulítið norðaustanlands.

**12**

**stig gæti hitinn farið upp í á landinu í dag.**

Þá hlýnar ört og er spáð 5 til 12 stiga hita síðdegis. Því má búast við asahláku í flestum landshlutum og er fólk því hvatt til að hreinsa frá niðurföllum til að forðast vatnstjón. Einnig má búast við talsverðum vatnavöxtum í ám sunnan og vestan til á landinu. - skh, jhh

## Bílstjórar safna fyrir Urban

**ERLENT** Bresk söfnun vörubílsstjóra fyrir fjölskyldu Pólverjans Lukasz Urban, sem barðist við hryðjuverkamanninn Anis Amri skömmu áður en hann ók inn á jólamarkað í Berlín, er kominn upp í rúm 165 þúsund pund. Breskir vörubílstjórar hafa sameinast um að gefa fjölskyldunni peninginn. „Þú þekkir okkur ekki og við vitum að peningar koma ekki til með að færa þér Urban aftur. Saga hans hreyfði við öllum og því vona ég að vörubílsstjórar sameinist, ekki bara í Bretlandi heldur um allan heim,“ segir í færslu söfnunarinnar sem Dave Duncan leiðir.

Þá hafa um 18 þúsund manns skrifað undir áskorun á netinu þar sem þýsk stjórnvöld eru hvött til að veita Urban orðu fyrir hugrekki sitt. Slagsmál hans við hryðjuverkamanninn eru sögð hafa orðið til þess að tala látinna varð ekki enn hærri, en þrettán eru látnir. -bb



Benedikt Jóhannesson segir Viðreisn ekki eiga neina aðild að stjórnarmyndunarviðræðum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Heldur væntingum um nýja stjórn í lágmarki

**STJÓRNMÁL** Engin ákvörðun hefur verið tekin um formlegar eða óformlegar viðræður milli Bjartrar framtíðar, Sjálfstæðisflokks og Viðreisnar.

Þetta sagði Benedikt Jóhannesson, formaður Viðreisnar, í samtali við fréttastofu 365 í gær og bætti við að ekkert hefði gerst í viðræðum um myndun nýrrar ríkisstjórnar síðustu daga, að minnsta kosti hvað Viðreisn varðaði.

Aðspurður hvort von væri á tíðindum fyrir áramót sagði Benedikt að ómögulegt væri að segja til um það. Í ljósi þess hvernig viðræður síðustu vikna hefðu gengið hefði hann lært að halda væntingum í lágmarki. Þó væri ljóst að eitthvað þyrfti að fara að gerast. – skh

> Á fmmtudag eru veir mánuðir eru liðnir frá því að Íslendingar gengu að kjörkössunum og kusu nýtt Alþingi





TILNEFNING TIL VERÐLAUNA

Óskað er eftir tilnefningum til verðlauna
úr Verðlaunasjóði Árna Kristinssonar og Þórðar Harðarsonar
Verðlaunin nema kr. 5.000.000

Verðlaunin veitast vísindamönnum sem náð hafa framúrskarandi árangri
í vísindarannsóknum í læknisfræði, lífvísindum og skyldum greinum.

Tilnefningar þurfa að hafa borist stjórn sjóðsins fyrir 31. janúar 2017.
Tilkynnt verður um verðlaunahafa í tengslum við ársfund Landspítala
og Vísindi á vordögum vorið 2017.

Stjórn Verðlaunasjóðs Árna Kristinssonar og Þórðar Harðarsonar, Hellulandi 10, Reykjavík 108.

# FRÍHAFNARDAGAR



**TAX FREE**

**SNYRTIVÖRU DAGAR**

DAGANA 27.-31. DESEMBER
AFNEMUM VIÐ VIRÐISAUKASKATT*
AF ÖLLUM **SNYRTIVÖRUM**

*Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 19,36% er alfarið á kostnað Hagkaups.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



Svellið á Ingólfstorgi hefur verið vel nýtt í aðdraganda jólanna og gestagangurinn hélt áfram í gær með gleði og bros í farteskinu.

# Magnaður mánudagur



Anton Brink
anton@365.is
ljósmyndari

Annar dagur jóla heilsaði borgarbúum með virktum. Ungir sem aldnir nýttu margir daginn í að anda að sér fersku lofti og eyddu lunganum úr deginum í skíðabrekkum, á skautasvelli eða í miðbæ borgarinnar og komu inn með eplakinnar.



Ártúnsbrekka er ein allra besta brekka til að byrja að renna. Lítið er eftir af gömlu góðu slöngunum en þessir drengir fundu eina og brostu út að eyrum.



Ferðamenn í Reykjavík hafa sett mikinn svip á miðborgina þessa jólahátíð. Þessi tvö skoðuðu kort til að senda heim og völdu mynd af íslensku sauðkindinni.



Hallgrímskirkja er vinsælt myndefni. Þessi áttaði sig á því að hún væri myndefni, sneri sér við og smellti mynd af ljósmyndaranum.

DEBENHAMS

# ÚTSALA

70% AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM FATNAÐI & SKÓM

20% AFSLÁTTUR

AF SNYRTIVÖRUM*

**OPIÐ** 11:00 - 19:00 Í DAG

*GILDIR TIL 31. DESEMBER

Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR



Mögulega mun notendum Snapchat bjóðast ný tækni frá Cimagine. NORDICPHOTOS/AFP

## Snapchat í sýndarveruleika

**TÆKNI** Snap Inc., framleiðandi Snapchat og Spectacles, hefur keypt ísraelska sprotafyrirtækið Cimagine á nærri átta milljarða króna. Frá þessu er greint á fréttasíðu Calcalist News í Ísrael.

Cimagine sérhæfir sig í sýndarveruleika. Forritið sem fyrirtækið vinnur nú að mun gera notandanum kleift að beina myndavél síma síns eða spjaldtölvu að hvaða rými sem er og sjá hvernig nýtt húsgagn sem stendur til að kaupa myndi sóma sér á viðkomandi stað.

Samkvæmt upplýsingum á LinkedIn-síðu Cimagine vinnur fyrirtækið nú þegar með Jerome's, húsgagnakeðjunni í Kaliforníu og Coca-Cola.

Kaupin eru langt frá því að vera þau fyrstu sem Snap gerir á árinu sem er að líða. Fyrirtækið hefur einnig fest kaup á auglýsingafyrirtækinu Flite, leitarvélinni Vurg og þrívíddarsjálfuforritinu Seene. **- þea**

## Í vandræðum með að finna símanúmer

**SAMFÉLAG** Í hagræðingaraðgerðum Reykjavíkurborgar fyrir næsta ár er lagt til að innleitt verði kerfi sem auðveldi starfsmönnum að finna símanúmer og tengiliðaupplýsingar annarra starfsmanna borgarinnar. Ástæðan er sú að starfsmenn borgarinnar hringja svo mikið í þjónustuverið eftir upplýsingum. „Þjónustuverið í Borgartúni gegnir nú svipuðu hlutverki og upplýsingaþjónusta á borð við 1818. Að jafnaði er um eitt stöðugildi að svara starfsmönnum borgarinnar og gefa upplýsingar um símanúmer annarra starfsmanna borgarinnar,“ segir í tillögunni. Er sparnaður áætlaður um 5,5 milljónir króna á ári. **– bb**

# Stormurinn Nock-Ten veður yfir Filippseyjar

**FILIPPSEYJAR** Fjórir létu lífið í gær vegna hitabeltisstormsins Nock-Ten á Filippseyjum, þar af þrír í Albayfylki nærri höfuðborginni Maníla. Stormurinn skall á austurströnd landsins á jóladag og hefur dregið úr honum síðan þá. Þó náði hann nærri 40 metra hraða á sekúndu í gær. Stormurinn stefnir nú að höfuðborginni.

Þá hefur stormurinn einnig valdið gríðarlegu tjóni. Meðal annars hafa rafmagnslínur slitnað og tré rifnað upp með rótum.

Almannavarnastofa Maníla varaði við því í gær að von væri á hvössum vindi og úrhelli sem kynni að valda flóðum. „Almannavarnastofa er í viðbragðsstöðu,“ sagði Mina Marasigan, talskona stofunnar, í viðtali við BBC í gær.

„Við höfum dreift birgðum og nauðsynlegum búnaði víðs vegar um borgina,“ sagði Marasigan enn fremur.

Þá hafa góðgerðarsamtökin Save the Children varað við því að allt að milljón manna gæti þurft á neyðarskýli að halda í dag. **- þea**



Strákur leitar skjóls frá Nock-Ten innan um illa farin hús. NORDICPHOTOS/AFP

# Hryðjuverk ekki talin orsök flugslyssins yfir Svartahafi

**Þúsundir leituðu farþega rússneskrar herflugvélar sem hrapaði í Svartahaf. Allir farþegarnir 92 eru taldir af. Þjóðarsorg var lýst yfir í gær. Flugritarnir ekki enn fundnir. Flugvélin var af gerðinni Tupolev-154 og voru hermenn, tónlistarmenn og blaðamenn um borð. Rússneski herinn hafði gert flugvélina út frá árinu 1983.**

**RÚSSLAND** Hrap rússneskrar herflugvélar í Svartahaf á jóladag er ekki talið stafa af hryðjuverkaárás. Þetta sagði Maxim Sokolov, samgöngumálaráðherra Rússa, í gær. „Samkvæmt þeim upplýsingum sem við höfum fengið er árás ekki ein líklegra ástæða. Við erum að líta annars vegar til bilunar eða mistaka flugmanns,“ sagði Sokolov enn fremur.

Vladimír Pútín Rússlandsforseti hefur skipað forsætisráðherranum Dmitrí Medvedev að hafa umsjón með rannsóknarnefnd sem á að skoða úr um hvað olli flugslysinu.

Á hljóðupptöku úr stýriklefa vélarinnar sem spiluð var í rússneskum fjölmiðlum í gær mátti ekki greina nein merki um örðugleika flugmanna. Raddir þeirra voru rólegar þar til flugvélin hvarf af ratsjám og þeir reyndu í örvæntingu að ná sambandi við flugturn flugvallarins í Sochi-borg við strönd Svartahafs.

Alls voru 92 um borð í vélinni og eru allir taldir af. Um þrjú þúsund manns, þar af rúmlega hundrað kafarar, auk skipa, flugvéla og þyrla leituðu í Svartahafi í gær og höfðu 11 lík og 154 líkamspartar fundist þegar Fréttablaðið fór í prentun. Tíu líkanna og 86 líkamspörtum hefur verið skilað til Moskvu svo hægt verði að bera kennsl á þau.

Flugvélin var af gerðinni Tupolev-154 og voru hermenn, tónlistarmenn og blaðamenn um borð í henni. Þeirra á meðal voru rúmlega sextíu meðlimir Alexandrov-hópsins, opinbers skemmtihóps rússneska hersins sem átti að skemmta hermönnum í Sýrlandi en þangað stefndi vélin. Flugvélin hafði upphaflega lagt af stað frá Moskvu en stoppað í Sochi til þess að fylla á eldsneytistank vélarinnar.



Maður leggur blóm að húsnæði Alexandrov-hópsins í Moskvu. Sextíu meðlimir hópsins eru taldir af eftir slysið. NORDICPHOTOS/AFP

> Samkvæmt þeim upplýsingum sem við höfum fengið er árás ekki ein líklegra ástæða.
>
> Maxim Sokolov, samgöngumálaráðherra Rússa



Rússneski herinn hafði gert flugvélina út frá árinu 1983 en umfangsmiklar viðgerðir voru gerðar á henni í desember árið 2014. Þá greindi hershöfðinginn Igor Konashenkov frá því í gær að flugmenn vélarinnar hefðu verið einkar reynslumiklir.

Þjóðarsorg var í Rússlandi í gær vegna slyssins og flykktust íbúar Moskvu, sem og annarra borga, út á götur til þess að leggja blóm að hinum ýmsu minnismerkjum er tengjast rússneska hernum.

Hvorki flugritar vélarinnar né skrokkur hennar var fundinn þegar Fréttablaðið fór í prentun en BBC greindi frá því að skrokkurinn væri líklegast á 27 metra dýpi tæplega tvo kílómetra frá ströndinni. Þá greindi varnarmálaráðuneytið frá því að tveir hlutar úr stýribúnaði vélarinnar hafi fundist og verið dregnir á land.

Rússar hafa stutt her sýrlensku ríkisstjórnarinnar með loftárásum í baráttunni gegn uppreisnarmönnum í borgarastyrjöldinni í landinu. **thorgnyr@frettabladid.is**






# Yfir 600 í mikilli þörf fyrir húsnæði

**SAMFÉLAG** Í lok september voru 826 umsækjendur á biðlista eftir félagslegu leiguhúsnæði í Reykjavík, þar af voru 612 í mikilli þörf. Þetta kemur fram í svari velferðarsviðs Reykjavíkurborgar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina.

Fjöldi barna umsækjenda eru 331 og miðar velferðarsviðið við börn yngri en 18 ára sem lúta forsjá umsækjenda og/eða dvelja hjá þeim í reglubundinni umgengni. Ungt fólk er í mestri þörf fyrir húsnæði en 371 á aldrinum 18-39 ára eru sögð í mikilli þörf, 216 á aldrinum 40-66 og 25 eldri en 67.

Langflestir umsækjendur eru einhleypir karlmenn eða 363 slíkir eru sagðir í mikilli þörf á móti 163 einhleypum konum. Einstæðar mæður eru 69 talsins en fjórir einstæðir feður eru í mikilli þörf.

Af þeim 826 sem voru á biðlista eftir félagslegu leiguhúsnæði fengu 156 almennar húsaleigubætur. Á sama tíma fengu 908 notendur sérstakar húsaleigubætur á almennum markaði. Velferðarsviðið segir í svari sínu að erfitt sé að meta hvort biðlistinn endurspegli þörf sem er til staðar fyrir félagslegu leiguhúsnæði því margir þættir hafa áhrif á eftirspurnina. Fyrst og fremst er það þó framboð á öðru ódýru húsnæði. Af þeim sem voru á biðlista voru 74 prósent í brýnni þörf fyrir húsnæði. -bb



Af þeim sem voru á biðlista eftir félagslegu húsnæði voru 74 prósent í brýnni þörf fyrir húsnæði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF UMBOÐSAÐILI JEEP® Á ÍSLANDI
ÞVERHOLT 6 · 270 MOSFELLSBÆR · SÍMI: 534 4433 · WWW.ISBAND.IS

# ÁRAMÓTA

## MacBook 2016 árgerð
256GB/8GB/Silver (Z0SN)

**Tilboð: 199.990**

Listaverð: 229.990





Allt að 9 klst rafhlöðu ending
í vefnotkun

## Mac mini tilboð

**60.000 kr.** AFSLÁTTUR

Mac mini 2,6GHz/1TB/8GB (MGEN2)
24" HP skjár HD (M1N99AA)
Apple USB lyklaborð (MB110IS/B)
Macally USB mús (BUMPERMOUSE)

**Tilboð: 157.950**

Listaverð: 217.950



## Mac mini tilboð

**40.000 kr.** AFSLÁTTUR

Mac mini 1,4GHz/500/4GB (MGEM2)
24" HP skjár HD (M1N99AA)
Apple USB lyklaborð (MB110IS/B)
Macally USB mús (BUMPERMOUSE)

**Tilboð: 137.950**

Listaverð: 177.990

***Vaxtalaus greiðsludreifing**

Epli býður handhöfum VISA og Mastercard greiðslukorta vaxtalaus kortalán í verslunum Epli í allt að 6 mánuðum.

Við kaupverð leggst 3,5% lántökugjald og færslugjald, nú 405 kr., við hvern gjalddaga.

## Vörur með reynslu
(sýningarvörur og fleira, fyrstir koma fyrstir fá.
Upplýsingar um vörur aðeins veittar í verslun)

**BEATS Heyrnartól**
**50% AFSLÁTTUR**
Nokkrar gerðir.
Frá 19.990



**iPad**
**ALLT AÐ 45% AFSLÁTTUR**
Frá 29.990
iPad mini, iPad Air, iPad Pro



**iPHONE**
**ALLT AÐ 45% AFSLÁTTUR**
Frá 49.990
iPhone 6S/6S Plus



**FARTÖLVUR**
**ALLT AÐ 45% AFSLÁTTUR**
Frá 119.990
MacBook Air, MacBook, MacBook Pro



**iMac**
**143.00 KR. AFSLÁTTUR**
iMac 27" 5K - 4GHz/i7/3TB Fusion/16GB
**Verð: 349.990**
Verð áður: 492.990





## iPad mini 4 16GB/4G
SpaceGray

**Tilboð: 59.990**

Listaverð: 99.990

Takmarkað magn (5stk)

Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar. Tilboð gilda meðan birgðir endast.

# BOMBUR




MacBook Pro 13" - Ný kynslóð
2.0GHz/256GB/Silver (Z0SW/Z0SY)
**Verð: 249.990***

Apple TV 4
fylgir með
Takmarkað magn (25stk)



**iPhone og iPad hulstur**
**25% AFSLÁTTUR**
Frábært úrval og gerðir.
Margir litir.



**Fartölvutöskur**
**30% AFSLÁTTUR**
Hágæða fartölvutöskur og bakpokar, gott úrval



**Heyrnartól**
**25% AFSLÁTTUR**
Frábært úrval, þráðlaus og með snúru



**Withings**
**30% AFSLÁTTUR**
Ýmsar heilsuvörur.
Vogar, blóðþrýstingsmælar ofl.



**Hleðslurafhlöður**
**30% AFSLÁTTUR**

Verslanir á Laugavegi 182 og í Smáralind • sími 512 1300 • epli.is

EPLI

**TILBOÐ EINGÖNGU Í VERSLUN LAUGAVEGI 182**

# Brothætt velferð



**Þorbjörn Þórðarson**
thorbjorn@frettabladid.is

Árið 2016 var slæmt ár fyrir sem þá sem aðhyllast frjálslyndar hugmyndastefnur. Þetta var slæmt ár fyrir þá sem styðja frjáls og opin hagkerfi þar sem frelsi í viðskiptum er ráðandi og fólk getur valið sér búsetu óháð þjóðerni.

Í Bandaríkjunum var kjörinn forseti sem elur á útlendingahatri, vill reka milljónir innflytjenda úr landi og byggja vegg á landamærum Bandaríkjanna og Mexíkó. Bretar sögðu sig úr Evrópusambandinu og lýstu því þannig yfir að þeir vildu yfirgefa fjórfrelsi innri markaðarins með þeim skuldbindingum og réttindum sem því fylgir. Í mörgum Evrópuríkjum blómstrar þjóðernishyggja. Hér má nefna Svíþjóðardemókratana í Svíþjóð, Danska þjóðarflokkinn, Front national í Frakklandi og Leganord á Ítalíu. Þjóðernishyggja og einangrunarstefna hafa svo orðið að ráðandi hugmyndastefnum í Ungverjalandi, Póllandi og víðar.

Ef frjálslyndið á að ná yfirhöndinni á ný þurfa stuðningsmenn þess að skilja rætur vandans og hafa trú á verkefninu. Ein af ástæðum þess að þjóðernishyggju og einangrunarstefnu hefur vaxið fiskur um hrygg á Vesturlöndum er að störf hafa tapast hjá milli- og lágstéttum vegna tækninýjunga og störfin hafa verið flutt annað þar sem vinnuafl er ódýrara. Aukin þjóðernishyggja og útlendingaandúð er líka birtingarmynd óánægju sem á rætur í vaxandi ójöfnuði. Ein stærsta áskorun sem ríki á Vesturlöndum standa frammi fyrir á 21. öldinni er að draga úr miklum ójöfnuði sem hefur grafið um sig. Félagslegur hreyfanleiki, þ.e. tilfærsla frá einni stétt til annarrar, er mun minni í hreinum kapítalískum samfélögum. Félagslegur hreyfanleiki vestanhafs er svo dæmi sé tekið með því minnsta sem þekkist í heiminum. Blessunarlega glímum við ekki við sambærilegan vanda hér.

Að þessu sögðu er samt mikilvægt að hafa hugfast að staða velferðarkerfisins í samfélögum eins og Íslandi er brothætt. Þótt útgjöld ríkisins til heilbrigðis- og menntamála séu há í alþjóðlegum samanburði er það ekki eitt og sér mælikvarði á árangur okkar sem velferðarríkis. Borgararnir þurfa að finna fyrir öryggisnetinu á eigin skinni. Þeir þurfa að finna það með beinum hætti að þeir búi í velferðarríki. Þá koma tölur í excel að takmörkuðum notum. Í þessu sambandi er kostnaðarþátttaka sjúklinga á Íslandi mikið áhyggjuefni. Einnig má nefna vaxandi óánægju þeirra sem þurfa að leita til heilbrigðiskerfisins og þurfa að bíða lengi eftir þjónustu eða þurfa að þola skerta þjónustu vegna fjárskorts heilbrigðisstofnana.

Þótt útlendingaandúð hafi alltaf kraumað undir niðri hjá ákveðnum hópi Íslendinga er afar ósennilegt að hatursfullar hugmyndastefnur njóti brautargengis ef öryggisnet velferðarkerfisins er þétt og ójöfnuður er beislaður. Deila má um hvaða tæki virki best til að ná þessum markmiðum. Skattkerfið er ein leið. Önnur er að tryggja að borgararnir finni stöðugt fyrir styrkum stoðum velferðarkerfisins á öllum tímum. Þannig er sterkt heilbrigðis- og menntakerfi brjóstvörn fyrir hið opna og frjálslynda samfélag.

> **Borgararnir þurfa að finna fyrir öryggisnetinu á eigin skinni**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Pólitísk stefna í borginni**

**Þótt oft og tíðum hafi orðræðan verið á þá leið að borgarmál snúist fyrst og fremst um að leita praktískra lausna á viðfangsefnum hefur Hjálmari Sveinssyni, borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, tekist að sýna fram á annað. Þegar Hjálmar lýsti, í síðustu viku, mikilvægi þess að fækka bílum í umferðinni og breyta ferðavenjum fólks sýndi hann fram á það að í borgarstjórn sitja menn sem vilja öðru fremur að stjórnmálamenn hafi dagskrárvald yfir daglegu lífi borgaranna. Vonandi situr þar annar hópur fólks sem er reiðubúinn til þess að sýna fram á að hann treysti íbúunum til að taka ákvarðanir um eigin líf.**

**Fylgi flokksins**

**Samfylkingunni tókst að þurrka sjálfa sig út af þingi í síðustu alþingiskosningum, hvort sem um var að kenna stefnumálum flokksins eða öðrum meinum sem hafa hrjáð flokkinn um nokkurt skeið. Eftir kosningar birti Fréttablaðið svo könnun sem sýndi að fylgi flokksins í borginni er umtalsvert minna en það var í síðustu borgarstjórnarkosningum. Ætli Hjálmari Sveinssyni hafi ekki tekist að skafa nokkur prósent af flokknum til viðbótar með fyrrgreindum ummælum.**

**jonhakon@frettabladid.is**

# Nýárskveðja til landbúnaðarráðherra



**Ólafur Arnarson**
formaður Neytendasamtakanna

Gunnar Bragi Sveinsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, sendi mér jólakveðju með aðsendri grein á Vísi miðvikudaginn 21. desember. Í inngangi að jólakveðju fjallar hann um opið bréf sem ég sendi f.h. Neytendasamtakanna til allra þingmanna vegna fyrirætlana stjórnvalda í fjáraukalögum um að nota skattpeninga til að niðurgreiða lambakjöt ofan í neytendur í útlöndum til að hækka verð á lambakjöti til íslenskra neytenda. Hann segir fullyrðingar mínar vera órökstuddar.

Ranglega heldur ráðherrann því fram að skattfé sem nota á í niðurgreiðslur til útlendra neytenda íslensks lambakjöts í útlöndum sé ætlað að koma í veg fyrir tekjuhrun sauðfjárbænda. Þessum fjármunum er hins vegar varið til að halda uppi verði á sauðfjárafurðum á íslenskum neytendamarkaði, eins og segir í athugasemdum við frumvarp til fjáraukalaga. Vegna verðtryggingar neytendalána felst í þessari ráðstöfun alvarleg aðför að íslenskum neytendum.

Áður fyrr niðurgreiddu stjórnvöld lambakjöt til að stemma stigu við verðbólgu. Nú nota stjórnvöld íslenska skattpeninga beinlínis til að auka eða viðhalda verðbólgu hér á landi. Neytendasamtökin benda á að hægt er að bæta hag sauðfjárbænda án þess að hækka matvælaverð á Íslandi.

Ráðherrann segir lambakjöt vera ódýrt hér á landi í alþjóðlegum samanburði. Lauslegur samanburður á verði lambalæris hér á landi og í nokkrum nágrannalöndum okkar bendir til þess að þetta sé rangt.

Ráðherrann telur kröftum Neytendasamtakanna betur varið í að skoða álagningu matvæla í verslunum en að gagnrýna aðgerðir stjórnvalda til að halda uppi matvælaverði hér á landi. Sjálfsagt er Gunnar Bragi önnum kafinn maður en honum er hér með bent á að kynna sér nýlega opinbera umræðu um okur á Íslandi

Landbúnaðarráðherra er hér með boðið í kaffi á skrifstofu Neytendasamtakanna þar sem ég get kynnt honum áherslur samtakanna og helstu atriði sem snúa að neytendavernd. Við eigum ekki Bragakaffi en ég lofa honum góðum sopa og fræðslu. Óska ég svo Gunnari Braga og öllum landsmönnum farsældar á komandi ári og vona að hann sé einhvers vísari eftir lestur inngangs þessarar jólakveðju.

*Lengri útgáfu greinarinnar má sjá á Vísi.*

> **Neytendasamtökin benda á að hægt er að bæta hag sauðfjárbænda án þess að hækka matvælaverð á Íslandi.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Kaupmáttur hefur aldrei verið meiri, fyrir suma



Ellen Calmon
formaður ÖBÍ

Mikil hækkun kaupmáttar og launa“, „kaupmáttur aldrei verið meiri“, „2015 – ár mikilla launahækkana“. Þetta eru örfá dæmi um yfirskriftir frétta um launahækkanir og kaupmáttaraukningu launa á þessu ári og því síðasta, en fjölmargar fréttir hafa verið fluttar af kaupmáttaraukningu. En hvernig hefur þróun kaupmáttar verið hjá örorkulífeyrisþegum síðustu ár?

Fjármálaráðherra sagði fjálglega í fjárlagafrumvarpsumræðu á Alþingi í desember í fyrra að sú hækkun sem ætluð væri örorkulífeyrisþegum myndi hafa gríðarleg áhrif á kaupmáttaraukningu örorkulífeyris. En þar sagði hann „... verðbólgan [hefur] farið minnkandi og hún hefur verið stöðugt lág sem hefur tryggt gríðarlega kaupmáttaraukningu fyrir launþega og mikla kaupmáttaraukningu bóta, reyndar þannig að bætur munu aldrei í sögu Íslands hafa haft hærri og meiri kaupmátt en 2016 ...“.

Ég hef lengi leyft mér að efast um að orð fjármálaráðherra um þessa gríðarlegu kaupmáttaraukningu yrðu orð að sönnu. Ég bið almenning um að láta ekki villa um fyrir sér þegar talað er um prósentuhækkanir, sem jafnvel gætu í huga einhverra hljómað háar, því prósentuhækkanir á mjög lágan lífeyri þýða afar lága krónutöluhækkun. En það eru einmitt krónurnar sem skipta máli í þessu samhengi. Allir þurfa ákveðna lágmarkskrónutölu í framfærslu á mánuði til að geta lifað af í íslensku samfélagi, krónur sem duga fyrir fæði, klæði, húsnæði og í tilfellum örorkulífeyrisþega fyrir lyfjum, læknisþjónustu og þjálfun.

Við leituðum til Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um útreikninga á samanburði kaupmáttarþróunar heildartekna örorkulífeyrisþega og heildarlauna fullvinnandi fólks frá árinu 2009 til ársins 2015 en tölur fyrir árið 2016 koma ekki fram fyrr en á næsta ári og því vantar forsendur til að reikna út þróunina fyrir árið 2016.

Útreikningar Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands staðfesta þennan efa, hrekja orð ráðherra um gríðarlega kaupmáttaraukningu.

**Þróun kaupmáttar heildartekna árin 2009-2015 – Miðgildi heildartekna.**




**Þróun kaupmáttar 2009-2015**




> **Einstaklingur getur ekki lifað á um 197.000 krónum á mánuði ef hann á að geta greitt fyrir fæði, klæði, húsnæði auk lyfja-, læknis- og þjálfunarkostnaðar. Þetta er sú upphæð sem gert er ráð fyrir að óskertur lífeyrir verði 1. janúar næstkomandi samkvæmt fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2017 og fjármálaráðherra lagði til að örorkulífeyrisþegar ættu að lifa á. Ekki treystir fjármálaráðherra sér til þess að lifa á þessum fjármunum. Myndir þú gera það?**

**Samanburður við þróun kaupmáttar fullvinnandi**

Útreikningarnir byggjast á tölum á vef Hagstofu Íslands og Tryggingastofnunar ríkisins (TR). Niðurstaðan er sláandi eins og sjá má á mynd 1.

Kaupmáttur heildartekna örorkulífeyrisþega var 9% lægri árið 2011 en árið 2009 og lækkaði því mun meira hjá örorkulífeyrisþegum en hjá launafólki. Hagur ýmissa hópa fór að vænkast eftir hrun en örorkulífeyrisþegar sátu eftir. Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2017 segir að „Vaxandi vinnuaflseftirspurn, miklar launahækkanir í kjarasamningum, hagstæð gengisþróun, minnkandi verðbólga og batnandi kaupmáttur einkenndu árið 2015“.

Kaupmáttur heildartekna örorkulífeyrisþega árið 2015 var nær sá sami og árið 2009, hafði einungis hækkað um 1%, þrátt fyrir lága verðbólgu. Hins vegar hafði kaupmáttur heildarlauna fullvinnandi hækkað um 15% á tímabilinu. Þessar tölur sýna fram á ósamræmið í orðum fjármálaráðherra í lok árs 2015 um að örorkulífeyrir hafi hækkað í samræmi við lög á hverju ári eftir því hvort verðlag eða laun hafi hækkað meira.

**Þróun kaupmáttar óskerts lífeyris almannatrygginga og lágmarkslauna**

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands reiknaði enn fremur út þróun kaupmáttar fyrir óskertan lífeyri almannatrygginga og lágmarkslaun frá árinu 2009. Örorkulífeyrisþegi sem er með óskertan lífeyri hefur engar aðrar tekjur til framfærslu en lífeyri almannatrygginga.

Lífeyrisþegar með lágar aðrar tekjur geta einnig fallið hérna undir, en vegna „krónu á móti krónu skerðinga“ geta þeir verið með sömu heildartekjur og lífeyrisþegar sem einungis fá greiddan óskertan lífeyri.

Nú er svo komið að óskertur lífeyrir er um 80% af lágmarkslaunum. Rétt er að geta þess að þrátt fyrir hækkanir síðustu ára eru lágmarkslaun einungis 260.000 kr. fyrir skatt og duga ekki til mannsæmandi framfærslu. Fjármálaráðherra hefur svarað því til að hann myndi ekki treysta sér til að lifa af lægstu launum og hann mun því varla treysta sér til að lifa af óskertum lífeyri.

Samkvæmt útreikningum Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands er kaupmáttur lágmarkslauna fyrir skatt um 26% hærri 2015 en árið 2009. Kaupmáttur óskerts lífeyris hefur hins vegar aðeins hækkað um 2% á sama tímabili eins og sjá má á mynd 2.

Sem sagt ágæti lesandi þá hefur kaupmáttur óskerts lífeyris engan veginn haldist í hendur við kaupmátt launa. Bilið er mikið. Einstaklingur getur ekki lifað á um 197.000 krónum á mánuði ef hann á að geta greitt fyrir fæði, klæði, húsnæði auk lyfja-, læknis- og þjálfunarkostnaðar. Þetta er sú upphæð sem gert er ráð fyrir að óskertur lífeyrir verði 1. janúar næstkomandi samkvæmt fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2017 og fjármálaráðherra lagði til að örorkulífeyrisþegar ættu að lifa á.

Ekki treystir fjármálaráðherra sér til þess að lifa á þessum fjármunum. Myndir þú gera það? Finnst þér ekki að samfélagið okkar eigi að tryggja langveiku og fötluðu fólki þau kjör sem þarf til að geta lifað mannsæmandi lífi í íslensku samfélagi?

Gleðilega hátíð.

# Afstaða Íslands hafði áhrif – Stórmerkur dómur Evrópudómstólsins



Stefán Pálsson
sagnfræðingur og vinur Vestur-Sahara

Þann 21. desember sl. felldi Evrópudómstóllinn veigamikinn dóm varðandi viðskiptasamning Marokkó og Evrópusambandsins. Dómurinn er á þá leið að samningurinn nái ekki til varnings sem framleiddur er í hinu hernumda landi Vestur-Sahara. Þetta er stórsigur fyrir Saharawi-þjóðina, sem berst gegn hernámi lands síns en að sama skapi mikið áfall fyrir stjórnvöld í Marokkó.

Vestur-Sahara hefur verið kallað síðasta nýlendan í Afríku, en Marokkó lagði landið undir sig með hervaldi eftir að spænskum yfirráðum lauk þar árið 1975. Frá þeim tíma hefur gegndarlaus rányrkja á auðlindum Vestur-Sahara átt sér stað, auk þess sem Marokkóstjórn hefur reynt að fá alþjóðasamfélagið til að viðurkenna landvinninga sína. Hernámið er skýlaust brot á alþjóðalögum og fer fram í trássi við samþykktir Sameinuðu þjóðanna, en hernaðarlegir og efnahagslegir hagsmunir stórþjóðanna, einkum Frakka, hefur orðið til þess að Marokkó hefur fengið að fara sínu fram.

Saharawi-fólkið, hinir réttmætu eigendur landsins, hefur lagt mikla áherslu á að fríverslunarsamningar Marokkó við önnur ríki geti ekki náð til hernuminna svæða og um það var tekist í dómsmáli þessu. Fyrir okkur Íslendinga er áhugavert og um leið gleðilegt að vita að meðal þeirra gagna sem lágu til grundvallar í málflutningnum var yfirlýsing utanríkisráðherra Íslands í umræðum á Alþingi fyrr á þessu ári. Þar staðfesti Lilja Dögg Alfreðsdóttir

> **Gott er að sjá svo áþreifanlegt dæmi um að afstaða Íslands geti haft bein áhrif til góðs fyrir baráttu valdalausrar smáþjóðar.**

þann skilning Íslands að viðskiptasamningar við Marokkó tækju ekki til hernumins lands.

Gott er að sjá svo áþreifanlegt dæmi um að afstaða Íslands geti haft bein áhrif til góðs fyrir baráttu valdalausrar smáþjóðar. Alþingi hefur falið utanríkisráðherra að beita sér í málefnum Vestur-Sahara og tryggja að sjálfsákvörðunarréttur íbúanna verði tryggður. Vonandi verður haldið áfram á þeirri braut.






PhD: Pedro, Eden Hazard og Diego Costa, eru búnir að skora 27 mörk og leggja upp ellefu en það er svipað og MSN og betri árangur en hjá BBC. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Doktorsgráða í markafræði

**Chelsea vann tólfta leikinn í röð í ensku úrvalsdeildinni sem er met. Allt hefur breyst síðan Antonio Conte skipti um leikkerfi. Chelsea er meira að segja komið með sitt eigið ofurtríó sem er á pari við þau á Spáni.**

**FÓTBOLTI** Chelsea vann leik í ensku úrvalsdeildinni í gær þegar hin víðfræga umferð á öðrum degi jóla fór fram (mínus tveir leikir). Það þykir ekki saga til næsta bæjar þessa dagana því Chelsea getur ekki tapað. Lærisveinar Antonios Conte unnu tólfta leikinn í röð í ensku úrvalsdeildinni í gær sem er met en ekkert lið hefur áður unnið svo marga leiki í röð á einu tímabili. Metið átti Manchester United sem er reyndar komið á skrið líka.

Chelsea heldur sex stiga forskoti á toppi deildarinnar en allt hefur breyst hjá Lundúnaliðinu eftir að knattspyrnustjóri þess, Antonio Conte, breytti í 3-4-3 leikkerfið sem hann fór langt með að fullkomna með Juventus á Ítalíu. Conte var nóg boðið eftir 3-0 tap gegn Arsenal í lok september og frumsýndi 3-4-3 í næsta leik gegn Hull. Síðan þá er liðið búið að innbyrða 36 stig af 36 mögulegum og þykir líklegast til að vinna deildina.

### Ný skammstöfun í bænum
Í spænsku 1. deildinni snýst meira og minna allt um baráttu Cristianos Ronaldo og Lionels Messi. Þegar menn eru ekki bara uppteknir af þeim þykir mikið sport að tala um framherjatríóin sem hafa verið skírð MSN (Messi, Suárez, Neymar) og BBC (Bale, Benzema, Cristiano Ronaldo). Erfitt var að ímynda sér að hægt væri að búa til betri þrenningar en Chelsea er búið að finna sína heilögu þrenningu.

Pedro Rodríguez, Eden Hazard og Diego Costa eru óstöðvandi þessa dagana og hafa fengið sína eigin skammstöfun. Hún tengist ekki fréttavefjum eins og MSN og BBC heldur er leitað í læknisfræðina. Þremenningarnir eru kallaðir PhD og má því segja að þeir séu komnir með doktorsgráðu í markafræði enda gera þeir lítið annað en að skora eða leggja upp mörk.

Pedro skoraði tvö og lagði upp eitt í 3-0 sigrinum á Bournemouth í gær og er nú búinn að skora fimm og leggja upp fimm önnur. Hann er baneitraður á Brúnni en þar hafa öll mörkin og stoðsendingarnar litið dagsins ljós.

### Á pari við MSN
Eden Hazard skoraði eitt og er nú búinn að skora níu og leggja upp eitt en Diego Costa er þeirra hættulegastur með þrettán mörk og fimm stoðsendingar. Samtals er PhD-tríóið búið að skora 27af 38 mörkum Chelsea og leggja upp önnur ellefu.

Þetta er á pari við hið ótrúlega MSN-tríó Börsunga sem er búið að skora 28 mörk og leggja upp önnur 16 í spænsku 1. deildinni. Chelsea er vissulega ekki í Meistaradeildinni en sé tölfræðin þar tekin með er MSN í sérflokki.

BBC-tríóið hefur verið svolítið meitt og aðeins spilað ellefu leiki á kjaft í spænsku deildinni en það er „aðeins“ búið að skora 19 mörk og leggja upp fimm. Ronaldo ber það tríó á herðum sér með tíu mörk eða meira en Benzema og Bale til samans.

### Kominn í hóp með Eiði Smára
Markið sem Eden Hazard skoraði fyrir Chelsea í gær er það 50. sem Belginn magnaði setur í búningi Chelsea. Hann varð um leið sjötti maðurinn til að skora 50 mörk fyrir Lundúnaliðið og er þar kominn í hóp með ansi góðum mönnum.

Einn þeirra er okkar eigin Eiður Smári Guðjohnsen en auk hans skoruðu Frank Lampard, Didier Drogba, Jimmy Floyd Hasselbaink og Gianfranco Zola allir að minnsta kosti 50 mörk fyrir Chelsea.

Haldi Pedro, Hazard og Costa áfram í framhaldsnáminu er erfitt að sjá nokkurt lið stöðva Chelsea á leið að titlinum. **tomas@365.is**

## Leikmaður annars dags jóla

Sænski framherjinn Zlatan Ibrahimovic skoraði eitt mark og lagði upp annað í sigri Manchester United á Sunderland á Old Trafford. Svíinn átti góðan leik en markið sem hann lagði upp fyrir Henrikh Mkhitaryan var eitt það fallegasta sem skorað verður í deildinni þennan veturinn. Markið hjá Zlatan var hans 50. fyrir félagslið á almanaksárinu en hann var líka að raða inn fyrir PSG fyrri hluta þessa árs. Aðeins Lionel Messi er búinn að skora fleiri mörk á þessu ári en þessi 35 ára gamli Sví virðist eldast eins og gott rauðvín.



## Stóru málin
**eftir gærdaginn í enska**

**Stærstu úrslitin**
Arsenal komst aftur á sigurbraut sem var hrikalega mikilvægt fyrir Skytturnar. Lærisveinar Wengers eru enn þá níu stigum á eftir Chelsea en þó í séns. Að vera ellefu stigum frá toppnum fyrir áramót hefði verið dauðadómur.

**Hvað kom á óvart?**
Það kemur ekki á óvart lengur að Leicester tapi leik en það kemur þó á óvart að þeir tapi leik á heimavelli. Refirnir lágu heima í gær, 2-0, gegn Everton sem var aðeins annað tap liðsins á heimavelli á öllu árinu. Það var tapalust á heimavelli frá september í fyrra og fram að titlinum í maí.

**Mestu vonbrigðin**
Það eru algjör vonbrigði að Gylfi Þór Sigurðsson þurfi að vera í liði með jafn ömurlega vörn og raun ber vitni hjá Swansea. Van der Horn og hinir sprelikarlarnir í Svanavörninni fengu á sig fjögur mörk í tapinu gegn West Ham í gær. Swansea er búið að fá á sig 19 mörk í síðustu fjórum leikjum. Swansea er í heildina að fá á sig 41 mark í 18 leikjum. Slakasta vörn deildarinnar.

Premier League

## Enska úrvalsdeildin
**Úrslit**

**Watford - C. Palace 1-1**
0-1 Yohan Cabaye (26.), 1-1 Troy Deeney (72.).

**Arsenal - West Brom 1-0**
1-0 Oliver Giroud (87.).

**Burnley - M. Boro 1-0**
1-0 Andre Gray (81.).

**Chelsea - Bournemouth 3-0**
1-0 Pedro Rodríguez (24.), 2-0 Eden Hazard (49.), 3-0 Pedro Rodríguez (90.).

**Leicester - Everton 0-2**
0-1 Kevin Mirallas (51.), 0-2 Romelu Lukaku (90.).

**Man. Utd - Sunderland 3-1**
1-0 Daley Blind (39.), 2-0 Zlatan Ibrahimovic (82.), 3-0 Henrik Mkhitaryan (86.), 3-1 Fabio Borini (90.).

**Swansea - West Ham 1-4**
0-1 André Ayew (13.), 0-2 Winston Reid (50.), 0-3 Michail Antonio (78.), 1-3 Fernando Llorente (89.), 1-4 Andy Carroll (90.).

**Hull - Man. City 0-3**
0-1 Yaya Touré (72., víti), 0-2 Kelechi Iheanacho (78.), 0-3 Curtis Davies (90., sm).

## Staðan

| FÉLAG | L | U | J | T | MÖRK | S |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Chelsea | 18 | 15 | 1 | 2 | 38-11 | 46 |
| Man. City | 18 | 12 | 3 | 3 | 39-20 | 39 |
| Liverpool | 17 | 11 | 4 | 2 | 41-20 | 37 |
| Arsenal | 18 | 11 | 4 | 3 | 39-19 | 37 |
| Tottenham | 17 | 9 | 6 | 2 | 29-12 | 33 |
| Man. Utd. | 18 | 9 | 6 | 3 | 27-18 | 33 |
| Everton | 17 | 7 | 5 | 5 | 23-20 | 26 |
| Southampt. | 17 | 6 | 6 | 5 | 17-16 | 24 |
| WBA | 18 | 6 | 5 | 7 | 23-22 | 23 |
| Watford | 18 | 6 | 4 | 8 | 22-30 | 22 |
| West Ham | 18 | 6 | 4 | 8 | 23-32 | 22 |
| Stoke | 17 | 5 | 6 | 6 | 19-24 | 21 |
| Bournem. | 18 | 6 | 3 | 9 | 23-31 | 21 |
| Burnley | 18 | 6 | 2 | 10 | 17-28 | 20 |
| M'Brough | 18 | 4 | 6 | 8 | 16-20 | 18 |
| Leicester | 18 | 4 | 5 | 9 | 23-31 | 17 |
| C. Palace | 18 | 4 | 4 | 10 | 29-33 | 16 |
| Sunderland | 18 | 4 | 2 | 12 | 16-31 | 14 |
| Swansea | 18 | 3 | 3 | 12 | 21-41 | 12 |
| Hull City | 18 | 3 | 3 | 12 | 16-39 | 12 |

## Okkar menn
**Íslendingar í efstu tveimur deildunum í Englandi**

Swansea City
**Gylfi Þór Sigurðsson**
Var að vanda í byrjunarliði Swansea sem tapaði, 4-1, fyrir West Ham. Swansea er búið að tapa þremur í röð.



Burnley
**Jóhann Berg Guðm.**
Sneri aftur eftir meiðsli og spilaði síðasta korterið í flottum sigri gegn Middlesbrough í nýliðaslag.



Cardiff City
**Aron Einar Gunnarsson**
Var í byrjunarliði Cardiff sem missti sigur niður í jafntefli.



Wolverhampton Wanderers
**Jón Daði Böðvarsson**
Er enn fastur á bekknum en kom inn á 77. mínútu.



Fulham
**Ragnar Sigurðsson**
Kom inn á sem varamaður og skoraði jólamark.



Bristol City
**Hörður B. Magnússon**
Var í byrjunarliði Bristol sem tapaði fyrir Wolves.





10 ára
ÚTSALA ÁRSINS
TÖLVUR OG TÖLVUBÚNAÐUR Á ÓTRÚLEGU VERÐI
FLUGELDAMARKAÐIR BJÖRGUNARSVEITANNA
ÁRAMÓTA SKOTKÖKUR
FYLGJA MEÐ VÖLDUM TÖLVUPÖKKUM:)
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
Marshall
10 ára
75% AFSLÁTTUR
ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR AF YFIR 1000 TÖLVUVÖRUM
ALLT AÐ 100 ÞÚSUND
AFSLÁTTUR AF FARTÖLVUM
ÓTRÚLEGT ÚRVAL!
Tilboð gilda dagana 27-31 desember 2016 eða meðan birgðir endast • Öll verð eru afsláttarverð birt með fyrirvara um villur
DONS DONUTS
1000 KLEINUHRINGIR
Í BOÐI 27. DESEMBER
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
OPNUM 12:00
Í DAG ÚTSÖLU ÁRSINS
Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

# ÚTSALA

## AÐEINS Í ÖRFÁA DAGA Í TÖLVUTEK • STÆRSTU TÖLVUVE

ÁRAMÓTA SKOTKAKA FYLGIR MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

10 ÞÚSUND AFSLÁTTUR

2 LITIR

KEMUR Í TVEIMUR LITUM

acer

### ES1-522

- AMD QuadCore E2-7110 1.8GHz
- 4GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 500GB SATA3 5400RPM diskur
- 15.6" HD LED AntiGlare 1366x768
- 2GB AMD R2 128GCN DX12 skjákjarni
- 2.0 hljóðkerfi með góðum hátölurum
- 300Mbps WiFi, Bluetooth 4.0, USB 3.0
- Innbyggð 480p vefmyndavél
- Windows 10 64-bit, hlaðið nýjungum

**39.990**

VERÐ ÁÐUR 49.990

ÁRAMÓTA SKOTKAKA FYLGIR MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

10 ÞÚSUND AFSLÁTTUR

25SD

acer

### ES1-523

- AMD Dual Core E1-7010 1.5GHz
- 8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 256GB SSD ofur hraður diskur
- 15.6" HD LED AntiGlare 1366x768
- 4GB AMD R2 128GCN DX12 skjákjarni
- 2.0 hljóðkerfi með góðum hátölurum
- 867Mbps Dual WIFI AC, BT 4.0, USB 3.0
- 720p Crystal Eye HD Skype vefmyndavél
- Windows 10 64-bit, hlaðið nýjungum

**59.990**

VERÐ ÁÐUR 69.990

ÁRAMÓTA SKOTKAKA FYLGIR MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

20 ÞÚSUND AFSLÁTTUR

360° SNÚNINGUR SPJALDTÖLVA, FARTÖLVA OG STANDUR

SP513

### SPIN5

NÝ KYNSLÓÐ 360° FARTÖLVA

Fjölhæf lúxusfartölva með nýjustu kynslóð Intel örgjörva, öflugara þráðlausu neti og IPS fjölsnertiskjá sem hægt er að snúa 360°

- Intel Core i5-7200U 3.1GHz Turbo 4xHT
- 8GB DDR4 2133MHz vinnsluminni
- 256GB SSD M.2 - Enn hraðari ný kynslóð
- 13.3" FHD IPS fjölsnertiskjár 1920x1080
- 2.0 TrueHarmony Wide Range hljóðkerfi
- Baklýst chiclet lyklaborð og fjölsnertiflötur
- 1300Mbps WiFi MU-MIMO, BT 4.0, USB 3.0
- 720p HDR Crystal Eye Skype vefmyndavél
- Windows 10 64-bit, hlaðið nýjungum

acer

**129.990**

VERÐ ÁÐUR 149.990

10 ÞÚSUND AFSLÁTTUR

2 LITIR

B3-A30

### IconiaOne

STÓRGLÆSILEG SPJALDTÖLVA

Ný kynslóð enn öflugri og þynnri spjaldtölva frá Acer með 10" HD IPS fjölsnertiskjá með Zero Air Gap og Anti-fingerprint tækni.

- 10" HD IPS fjölsnertiskjár 1280x800
- Quad Core 1.3GHz A53 64-bit örgjörvi
- Hexa Core Mali T720 DX11 3D skjákjarni
- 16GB flash og allt að 128GB microSD
- 300Mbps þráðlaust net, BT4.0, GPS
- Li-Polymer rafhlaða allt að 10 tímar
- 2.0 Premium DTS HD hljóðkerfi
- Tvær FHD vefmyndavélar 5MP og 2MP
- Android 6.0 Marshmallow og fjöldi forrita

mali · dts-HD · acer

**19.990**

VERÐ ÁÐUR 29.990

10 ÞÚSUND AFSLÁTTUR

TENGDU ALLT 2x HDMI TENGI:)

GC2870H

BenQ

### 28"VALED

FULL HD VA-LED

- 28" VA-LED FHD 1920x1080 skjár
- 3000:1 native skerpa og True 8-bit litir
- 5ms GTG viðbragðstími fyrir leikina
- Flicker-free og Low Blue Light tækni
- 178° True to Life Ultra Wide sjónarhorn
- Einstök myndgæði með Wide Color Gamut
- 2x HDMI 1.4, VGA, HDMI kapall fylgi

**29.990**

VERÐ ÁÐUR 39.990

30% AFSLÁTTUR

WONLEX

### GPSKRAKKAÚR

- 1.22" LED snertiskjár, tekur micro SIM
- Allt að 10 símanúmer í símaskrá
- Hægt að velja 3 SOS símanúmer
- Með innbyggðri vekjaraklukku
- Viðvörun kemur í síma ef úr er tekið af
- Hægt að skoða ferðir barnsins yfir daginn
- GEOgirðing varar við ef úr fer út fyrir svæði
- Allar aðgerðir stjórnast úr síma foreldra
- App í boði fyrir iOS og Android

**6.990**

VERÐ ÁÐUR 9.990

ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

**TURNKASSAR**

ALLT AÐ 40% AFSLÁTTUR

**MÓÐURBORÐ**

ALLT AÐ 20% AFSLÁTTUR

**GIGABYTE SKJÁKORT**

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HEILSUÚRUM

**HEILSUÚR Í ÚRVALI**

5.995 VERÐ ÁÐUR 11.990

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

**SPJALDTÖLVUR**

1TB EXPANSION FERÐAFLAKKARI 7.990 VERÐ ÁÐUR 9.990

ALLT AÐ 25% AFSLÁTTUR

**ÚRVAL FLAKKARA**

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

**HEYRNARTÓL**

ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

**MÝS & LYKLABORÐ**

acer · SEAGATE · LACIE · Trust · brother at your side · KOS

# BYRJAR OG ENDAR ÁRIÐ Á ÚTIVIST

**Guðrún Harpa Bjarnadóttir** kveður hvert ár með því að ganga með félögum sínum í Fjallafélaginu á Úlfarsfell á gamlársdag. Þar skála þau og kveikja á blysum. Nýja árinu fagnar hún síðan með sjósundspretti á nýársdag.

**Sólveig Gísladóttir**
solveig@365.is



„Við hjónin höfum verið í fjallgönguprógramminu hjá Fjallafélaginu í fjögur ár eða svo. Þessi ganga á Úlfarsfell hefur verið síðasta ganga ársins í prógramminu,“ segir Guðrún sem finnst dásamlegt að ljúka árinu með hressandi göngu.

Hópurinn leggur af stað um ellefuleytið, en þegar komið er upp á topp er skotið upp blysum til að koma öllum í hátíðarskap. „Það koma allir með eitthvað, við deilum afgöngum af jólabakstrinum, fáum okkur kakó og konfekt, og sumir mæta jafnvel með freyðivín og setja áramótagleðina í gang,“ segir Guðrún sem áætlar að um fjörutíu manns mæti í gönguna sem er aðeins ætluð þeim sem eru í fjallgönguprógramminu. „Þetta er mjög skemmtilegur hópur og flestir þekkjast mjög vel enda höfum við gengið saman allt árið. Síðan eru alltaf einhverjir nýir sem bætast við á hverju ári.“

Að ganga á Úlfarsfell er orðin að hefð hjá þeim hjónum. „Það er svo gaman að ljúka árinu á góðri útiveru og í skemmtilegum félagsskap. Svo byrja ég árið með því að skola af mér raketturykið í sjósundi daginn eftir,“ segir Guðrún sem hefur stundað sjósund í nokkur ár. „Ár sem byrjar og endar á góðri útivist getur ekki annað en verið gott,“ segir hún glaðlega.



Hjónin Guðrún Harpa Bjarnadóttir og Erlendur Pálsson með partíhatta á toppi Úlfarsfells á gamlársdag.

Að göngu lokinni tekur við hefðbundið gamlárskvöld hjá Guðrúnu og fjölskyldu hennar. „Við fáum fjölskyldu okkar í mat, borðum snigla í forrétt og kalkún í aðalrétt,“ segir hún en viðurkennir að þau séu heldur löt að skjóta upp rakettum, njóti þess frekar að fylgjast með. „Við viljum heldur senda björgunarsveitinni peninginn og leyfa þeim að eiga rakettturnar. En auðvitað er nauðsynlegt að styðja við þær enda getur vel komið að því að maður þurfi á þeim að halda í öllu þessu útivistarbrölti,“ segir hún glettin.



Guðrún og Erlendur, maður hennar, eru mikið á fjöllum allt árið. „Við erum alvarlega bitin af fjallabakteríunni,“ segir hún og hlær.

En eru einhver afrek áætluð á næsta ári? „Ekki enn, enda bara mánuður síðan við komum heim úr grunnbúðum Everest með Fjallafélaginu og við erum enn uppnumin eftir þá ferð og ekki farin að plana neitt annað. Síðustu fjögur sumur höfum við gengið í kringum Mont Blanc en ætlum að breyta til í sumar og fara í staðinn að styðja stelpurnar okkar á EM í knattspyrnu,“ segir Guðrún en telur engar líkur á öðru en að þau finni sér einhver skemmtileg fjöll til að ganga á.

> Ár sem byrjar og endar á góðri útivist getur ekki annað en verið gott.
> Guðrún Harpa Bjarnadóttir



Kveikt er á blysum og skálað.



# HEILSUSTRAUMAR Á NÝJU ÁRI

Bólguhamlandi mataræði, hreinar snyrtivörur og líkamsrækt sem miðar að því að auka vellíðan og flýta fyrir endurheimt er á meðal þess sem spáð er að verði áberandi í heilsu- og líkamsræktarheiminum á nýju ári. Fleiri fara líka í bindindi.

Áherslur í heilsu- og líkamsrækt breytast ár frá ári. Hér eru nokkur atriði sem heilsu- og líkamsræktarfrömuðirnir hjá wellandgood.com telja að verði áberandi á nýju ári.


Heilsuferðamennska er í miklum blóma og er spáð frekari vexti.

**1. BÓLGUHAMLANDI MATARÆÐI**

Áfram verður mikil áhersla á samband milli mataræðis og bólgumyndunar í líkamanum sem aftur er talin rót margra sjúkdóma. Æ fleiri munu því draga úr neyslu kolvetna og mjólkurafurða svo dæmi séu nefnd og snúa sér að staðgenglum. Fleiri munu prófa meðlæti eins og blómkálsgrjón og kúrbítsnúðlur og snúa sér að hnetumjólk og vegan ostum svo dæmi séu nefnd. Eins að prófa sig áfram með bólguhamlandi krydd á borð við túrmerik og engifer.

**2. HEILSUFERÐAMENNSKA HELDUR ÁFRAM AÐ VAXA**

Ferðalög sem hverfast í kringum einhvers konar heilsurækt hafa lengi notið vinsælda. Má þar nefna jógaferðir, gönguferðir og hjólreiðaferðir. Vinsældir þeirra munu síður en svo minnka og er því spáð að æ fleiri fari í skipulagðar ferðir sem fela í sér heilsurækt, hollt mataræði og ýmiss konar nudd- og snyrtimeðferðir.

**3. FLEIRI FARA Í ÁFENGISBINDINDI**

Þeir sem stunda heilbrigt líferni hugsa það æ meira heildrænt og því kemur að þeim degi að áfengisneysla á ekki lengur við. Í New York og Los Angeles er víða farið að bjóða upp á hátt skrifaðar áfengislausar samkomur og partí. Engiferskot og grænmetissafar koma því mögulega í staðinn fyrir G&T á nýju ári.

**4. AUKIN ÁHERSLA Á HREINAR SNYRTIVÖRUR**

Æ fleiri eru vakandi fyrir innihaldi matvæla og lesa innihaldslýsingar á þeim spjaldanna á milli. Það sama á orðið við um snyrtivörur og gera sífellt fleiri kröfu um að þær séu hreinar og innihaldi ekki óæskileg efni. Framleiðendur keppast við að mæta þeim kröfum og eykst framboðið á slíkum vörum jafnt og þétt.

**5. AUKIN ÁHERSLA Á ENDURHEIMT**

Hin síðari ár hefur HIIT (high intensity interval training) líkamsræktarþjálfun notið vinsælda en þá eru tilteknar æfingar gerðar af miklum krafti í skamma stund í einu og hvílt á milli. Slíkir tímar eru í boði í velflestum líkamsræktarstöðvum hér á landi og hafa reynst mörgum vel til að auka úthald og byggja upp styrk. Ekkert lát mun verða á því. Hins vegar geta ákafar æfingar valdið álagi á líkamann og sem mótvægi leggja æ fleiri áherslu á að bjóða sömuleiðis upp á endurheimtartíma með ýmiskonar teygju- og rúlluæfingum til að draga úr líkum á óþægindum og meiðslum og auka vellíðan.

Iðkendur virðast í auknum mæli vera farnir að gefa sér tíma til að sækja slíka tíma og fara því ekki eingöngu í ræktina til að brenna eða byggja upp vöðva. Því er spáð að áhersla á slíka tíma muni aukast enn frekar.

> » Þeir sem stunda heilbrigt líferni hugsa það æ meira heildrænt og því kemur að þeim degi að áfengisneysla á ekki lengur við.

# BETRA AÐ VERA Í HJÓNABANDI

Samkvæmt nýrri bandarískri könnun virðist fólk frekar lifa af heilablóðfall ef það er í hjónabandi. Áður hafa birst niðurstöður rannsókna sem sýna að þeir sem eru giftir lifa lengur. Árið 2002 var birt rannsókn sem sýndi að hjónaband væri svo gott fyrir heilsuna að það dragi úr neikvæðum þáttum reykinga. Síðan þá hafa birst rannsóknir sem sýna að þeir sem eru í hjónabandi fá síður flensu og lifa frekar af hjáveituaðgerðir.

Nú hefur ítarleg rannsókn sem framkvæmd var af vísindamönnunum Matthew Dupre og Renato Lopes sýnt að hjónaband auki lífslíkur þeirra sem fá heilablóðfall. Þeir félagar tóku viðtöl við yfir 2.000 Bandaríkjamenn sem höfðu fengið heilablóðfall. Niðurstöður sýndu að þeir sem höfðu aldrei gifst voru í 70% meiri áhættu að deyja eftir heilablóðfall en þeir sem höfðu verið í sama hjónabandinu lengi. Þeir sem höfðu gengið í gegnum hjónaskilnað voru í 25% meiri áhættu og þeir sem höfðu misst maka í 40% meiri áhættu.

Rannsakendur vilja meina að hægt sé að skýra þessa útkomu með sálfræðiþáttum. Þeir sem hafa stuðning heima fyrir hafa meiri getu til að jafna sig eftir erfið veikindi. Eldri rannsóknir hafa sýnt fram á að varanlegt hjónaband veitir stöðugleika, bæði félagslega, andlega og fjárhagslega. Þá hafa rannsóknir sýnt að makar hvetja gjarnan hvort annað til að gæta að heilsu með læknisferðum, mataræði, hreyfingu og inntöku lyfja.


Gott og langlíft hjónaband er mjög gott fyrir heilsuna samkvæmt því sem nokkrar rannsóknir hafa sýnt.

> **» Hjónaband getur aukið lífslíkur þeirra sem fá heilablóðfall. Þeir félagar tóku viðtöl við yfir 2.000 Bandaríkjamenn.**




**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR** | **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson
**UMSJÓNARMENN EFNIS:** Elín Albertsdóttir, *elin@365.is, s. 512 5349* | Lilja Björk Hauksdóttir, *liljabjork@365.is, s. 512 5372* | Ragnheiður Tryggvadóttir, *heida@365.is, s. 512 5367* | Sólveig Gísladóttir, *solveig@365.is, s. 512 5351* Starri Freyr Jónsson, *starri@365.is, s. 512 5358* | Vera Einarsdóttir, *vera@365.is, s. 512 5357*
**SÖLUMENN:** Atli Bergmann, *atlib@365.is, s. 512 5457* | Jóhann Waage, *johannwaage@365.is, s. 512 5439* | Jón Ívar Vilhelmsson, *jonivar@365.is, s. 512 5429* | Ólafur H. Hákonarson, *olafurh@365.is, s. 512 5433*




Tískuhús Zik Zak • www.Facebook.com/zikzakkringlan • 1. hæð Kringlunnar • Sími: 551-1314

# HÆTTU AÐ BORÐA SYKUR Á 5 DÖGUM

Sykur er algerlega óþarfur í mat og drykk og gerir líkamanum ekkert gott. Það er því til mikils að vinna að losa sig við hann og um að gera að reyna það á nýju ári. Það tekur ekki nema fimm daga að losna við mestu fíknina.

Sykur er ávanabindandi og líkaminn kallar sífellt á meira. Hann hækkar blóðsykurinn hratt sem hressir um stund. Þar sem hann er algerlega næringarsnauður fellur blóðsykurinn jafnharðan sem gerir það að verkum að sá sem hans neytir verður þreyttur og svangur og upplifir skapsveiflur sem aftur kalla á meira. Sykurinn veldur því jafnframt að líkaminn safnar fitu. Hann ýtir undir insúlínframleiðslu sem aftur sendir boð til frumna um að safna fitu. Sykur ýtir líka undir bólgumyndun og er neysla hans meðal annars talin eiga þátt í myndun hjarta- og æðasjúkdóma, sykursýki og krabbameins svo dæmi séu nefnd. Það ætti því að vera öllum kappsmál að losa sig við sykurpúkann og er um að gera að byrja strax á nýju ári.

Góðu fréttirnar eru að það tekur ekki nema fimm daga að losna við mestu fíknina. Þessa daga þarf að sniðganga allan viðbættan sykur og unnin kolvetni sem hækka líka blóðsykur. Unnar matvörur, sælgæti, kökur og gos eru þar efst á blaði. Eins þarf að gæta sín á miklu ávaxtaáti og takmarka það við einn ávöxt á dag. Það er engin launung að þessir fimm dagar geta reynst mörgum erfiðir. Þá er gott að hafa nokkur vopn á hendi. Þau eru eftirfarandi:

> » Sykur ýtir undir bólgumyndun og er neysla hans meðal annars talin eiga þátt í myndun hjarta- og æðasjúkdóma, sykursýki og krabbameins svo dæmis séu nefnd.

- Borðaðu þig sadda/saddan af heiðarlegum, heimatilbúnum mat. Leggðu áherslu á prótein, fitu og trefjar eins og egg, hnetur, lárperu, ólífuolíu, hummus, lax og kjúkling.
- Skiptu pasta, brauði og öðrum unnum kolvetnum út fyrir grænmeti og hafðu það endilega sem mest grænt.
- Fáðu þér eitthvað súrt. Það slær á sykurlöngunina.
- Fáðu þér engiferte. Það hefur sams konar áhrif.
- Fáðu þér smávegis dökkt súkkulaði ef sykurlöngunin er að gera út af við þig. Það þarf helst að vera 85 prósent eða dekkra. Annað súkkulaði inniheldur umtalsvert magn af sykri. Dökkt, sykurlítið súkkulaði losar hins endorfín án þess að hækka blóðsykurinn um of.
- Drekktu mikið vatn. Það fyllir magann og hreinsar þig af sykrinum.

Að fimm dögum liðnum hefur dregið umtalsvert úr sykurlönguninni og þú getur tekið yfirvegaðri ákvarðanir um það sem þú lætur ofan í þig í stað þess að stjórnast af fíkn.



Flestir vilja minnka sykurneyslu. Þar sem sykur er ávanabindandi reynist það hins vegar mörgum erfitt.

# GOFIGURE, GÓÐ LAUSN VIÐ AUKAKÍLÓUM

**GoFigure** er ný þyngdastjórnunarlína sem hjálpar fólki að ná tökum á aukakílóunum. Max Tomlinson, upphafsmaður GoFigure, hefur 30 ára reynslu sem heilsu- og næringarþerapisti. Marta Jonsson er ein þeirra sem nota GoFigure.

„Ég fann strax mun á mér. Ég hef prófað ýmislegt en þetta er svo frábær lausn, auðveld og þægileg en ég blanda alltaf GoFigure út í vatn,“ segir Marta. Marta þekkir vel til Max Tomlinson sem er upphafsmaður GoFigure en hann hefur verið næringarþerapisti Mörtu í tíu ár. „Ég hef náð frábærum árangri með leiðsögn frá Max, en hann hefur tekið mig algerlega í gegn, sérstaklega hvað varðar að skipta út fæðu í aðra hreinni fæðu sem gefur orku sem endist. Við erum líka nágrannar og góðir vinir,“ segir Marta en dóttir hennar er mjög hrifin af GoFigure hráfæðisstöngunum sem hún fær sér á milli mála. „Max hefur unnið með mörgum stórstjörnum og náð virkilega flottum árangri með þeim hvað varðar þyngdarstjórnun á heilsusamlegan og sjálfbæran hátt,“ segir Marta að lokum.




Hráfæðisstangir frá GoFigure.

### Í MORGUN- OG HÁDEGISMAT

Hver skammtur af GoFigure inniheldur prótein, vítamín, steinefni, góðgerla og omega 3 fitusýrur samkvæmt upplýsingum frá Heilsu ehf. sem flytur vöruna inn. Virku efnin í GoFigure eru MCT-olía og glucomannan úr hinni japönsku konjac-rót sem veitir góða fyllingu, en glucomannan er eitt af þeim efnum sem á að hjálpa til við að koma í veg fyrir svengdartilfinningu. Þá mun það stuðla að jafnvægi í blóðsykri ásamt því að hafa áhrif á viðhald eðlilegs kólesterólmagns í blóði. Þessi blanda í GoFigure heitir Slimbiome sem er einkaleyfisformúla.

Á hverjum GoFigure pakka er hægt að sjá leiðbeiningar um hvernig best sé að nýta vöruna. Mælt er með GoFigure í morgunmat og hádegismat og Gofigure hráfæðisstöngum á milli mála. Mælt er með þriggja vikna átaki.

### 30 ÁRA REYNSLA

Frumkvöðullinn Max Tomlinson og kona hans eru upphafsmenn GoFigure. Tomlinson hefur 30 ára reynslu sem heilsu- og næringarþerapisti og hefur unnið með stórstjörnum á borð við Annie Lennox, Kylie Minogue, Richard Gere og Rowan Atkinson. Hann hefur gefið út tvær vinsælar heilsubækur og hefur önnur þeirra verið þýdd á níu tungumál.

GoFigure fékk viðurkenningu frá Natural & Organic Awards í Evrópu sem ein af bestu nýju heilsu- og næringarvörunum fyrir árið 2016.

**GoFigure fæst í verslunum Lyfju og í Apótekinu.**



Marta Jonsson hefur notað GoFigure með góðum árangri.




Gott bragð er af GoFigure drykknum.



Frumkvöðlarnir Max og Filipa Tomlinson.



Girnilegar hráfæðisstangir.



## FLENSUTILFELLUM GÆTI FJÖLGAÐ



Inflúensa gerði vart við sig mun fyrr á þessum vetri en vanalegt er. Því miður verða einhverjir í rúminu yfir nýárið með hita, hósta og kvef. Á undanförnum þremur vikum hafa 12 manns leitað til læknis með einkenni inflúensu A(H3). Það lítur reyndar út fyrir að inflúensan fari hægt af stað og þess vegna má búast við fjölgun upp úr áramótunum. Samkvæmt vef landlæknis voru 65 þúsund skammtar af inflúensubóluefni keyptir í haust en kláruðust snemma. Erfiðlega gekk að fá meira bóluefni en nú eru komnir fimm þúsund skammtar í viðbót. Fólk getur því leitað til heilsugæslunnar og fengið inflúensusprautu. Flensan hefur verið fyrr á ferðinni í allri Evrópu eins og á Íslandi.

Á vef landlæknis er einnig greint frá vaxandi fjölda þeirra sem fá niðurgang en svo virðist sem það sé árlegt á aðventunni. Nóróveiran herjar yfirleitt mest á þessum tíma. Frá því í byrjun október hafa 32 einstaklingar fengið staðfestingu á nóróveirusýkingu og í stöku sýnum hafa astróveira, rótaveira og adenóveira greinst.

## Jógúrtsósa undir holla áleggið

Búið til einfalda jógúrtsósu til að eiga inni í ísskáp en henni er kjörið að smyrja á hrökkbrauð undir dýrindis álegg eins og sæta papriku, síld, lárperu og fleira hollt og gott milli mála.

**1 bolli grísk jógúrt**
**2 msk. fínt söxuð myntulauf**
**2 msk. ólífuolía, extra virgin**
**2 msk. límónusafi, u.þ.b. úr 1 límónu**
**½ tsk. salt**
**1 hvítlauksgeiri**

Hrærið saman jógúrt, myntu, olíu, límónusafa og salti í skál og bætið 1 til 2 msk. af vatni út í. Rífið niður hvítlaukinn og hrærið saman við. Smakkið sósuna og bætið límónusafa og salti út í eftir smekk. Lokið með plastfilmu yfir skálina. Sósan geymist í kæli í allt að fimm daga. Við þennan grunn má auðveldlega bæta ½ bolla af fínt saxaðri gúrku, 1 msk. af saxaðri steinselju og 1 msk. af söxuðu dilli.

*www.cooking.nytimes.com*



## Hollt um hátíðarnar

Á milli hátíðanna er gott að skella í sig þeytingi til að hvíla sig á öllu kjötátinu. Til dæmis þessum sem er ofureinfalt að gera því í honum eru bara fimm hráefni. Þeytingar eru góðir á morgnana, á milli mála eða bara hvenær sem er. Þeir eru fljótlegir og auðvelt er að gera þá, þeir eru fullir af trefjum, vítamínum og próteinum. Það er auðvelt að bæta ávöxtum og grænmeti við mataræðið með því að búa til þeytinga úr því.

Í þessum þeytingi er enginn viðbættur sykur en bananar og ber sjá um að gera hann sætan á bragðið.

**1 banani**
**Lúka af bláberjum**
**Lúka af jarðarberjum**
**3 msk. grísk jógúrt**
**½ bolli sojamjólk**

Blandið öllu saman í blandara þar til mjúkt eða í um hálfa mínútu. Hellið í glas og skreytið ef vill með berjum eða öðru.






30% jólaafsláttur

# Innritun er hafin á janúarnámskeið í síma 581 3730

**TT-1 námskeiðin** okkar fyrir konur fela í sér leiðbeiningar um mataræði, líkamsrækt, sjálfsstyrkingu, fundi, vigtun og mælingar. Þessi sívinsælu námskeið hafa margsannað ágæti sitt og reynst konum afburðavel til að ná markmiðum sínum. Við bjóðum hvorki skyndilausnir né sveltikúra, heldur raunhæfar leiðir til að lifa góðu lífi.

**TT-3 námskeiðin** okkar eru fyrir 16-25 ára stelpur. Þetta eru sérsniðin lífsstílsnámskeið fyrir þær sem vilja taka mataræðið í gegn og komast í gott form. Við byggjum námskeiðin á áralangri reynslu af því að kenna ungmennum líkamsburð og listdans ásamt þekkingunni sem við höfum byggt upp af því að veita konum sambærilega þjónustu í gegnum tíðina.

**Vetrarkortið á jólatilboði er komið í sölu** *kr 39.900*

*Gildir til 20. maí 2017*

**Mótun BM**
Áhersla lögð á styrk, liðleika og góðan líkamsburð. Mótandi æfingar fyrir kvið, rass- og lærvöðva.

**Einkaþjálfun**
Þjálfarar JSB eru fagmenn og vita nákvæmlega hvað þarf til að ná settum markmiðum og aðstoða við aðhald ef þess er óskað

**Fit Form 60+**
Alhliða líkamsrækt sem stuðlar að auknu þreki, þoli, liðleika og frábærri líðan.

**Opna kerfið 1-2-3**
Bjóðum röð af 30 mínútna krefjandi tímum í opna kerfinu.

**Sjá nánar á jsb.is**

LÍKAMSRÆKT JSB leggur línurnar

*Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • jsb@jsb.is • www.jsb.is*

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun



Beygla með eggjasalati og reyktum laxi.

# SVONA MÁ NÝTA JÓLAAFGANGANA

Núna taka við mikil veisluhöld og þess vegna ágætt að hafa eitthvað létt í kvöldmat á milli jóla og nýárs. Hægt er að gera alls kyns útgáfur af samlokum og nýta afganga frá veisluborðinu. Hamborgarhryggur er mjög góður ofan á brauð og sömuleiðis kalkúnn.




Ef erfitt reynist að fá ferskan fisk á milli hátíða er gott að eiga lax í frystinum og útbúa laxaborgara. Heimagerður laxaborgari er bæði hollur og góður. Ekki spillir að útbúa lárperusalsa með honum.

## LAXABORGARI MEÐ LÁRPERUSALSA

**Fyrir fjóra**

**700 g laxaflak**
**2 sneiðar gróft meðalbrauð**
**2 vorlaukar**
**1 hvítlauksrif**
**Ferskur kóríander**
**1 egg**
**1 msk. majónes**
**1 tsk. gróft sinnep**
**1 msk. límónusafi**
**½ tsk. salt**
**¼ tsk. pipar**

**Lárperusalsa**
**2 lárperur (avocado)**
**¼ búnt ferskt kóríander**
**Safi úr hálfri límónu**
**½ tsk. sjávarsalt**
**¼ tsk. nýmalaður pipar**
**4 hamborgarabrauð**
**1 poki spínat**



Laxaborgari með lárperusalsa. Hægt er að frysta borgarann og eiga hann tilbúinn þegar hentar.

Byrja skal á því að rista brauðið sem á að fara í laxaborgarana. Skerið laxinn í grófa bita og setjið þá í matvinnsluvél. Skerið brauðið niður og setjið með laxinum.



Beygla með beikoni og eggjahræru.

Skerið vorlauk smátt, hvítlaukinn og kóríander og setjið með laxinum í matvinnsluvélina. Setjið egg, majónes og annað sem upp er talið í uppskriftina saman við og hrærið allt vel saman.

Mótið fjóra borgara úr deiginu. Blandan á að vera svolítið klístruð þannig að gott er að væta hendurnar með köldu vatni á meðan borgararnir eru gerðir. Kælið borgarana í ísskáp í 30 mínútur svo bragðið taki sig.

Gerið lárperusalsa. Deilið lárperunum í tvennt og takið steininn úr. Því næst er kjötið tekið úr hýðinu og sett í skál með límónusafa, kóríander, salti og pipar. Hrærið allt varlega saman.



BLT-samlokan er venjulega með beikoni, salati og tómati (bacon lettuce tomato) en gott er að setja kjúkling eða kalkún í hana.

Penslið borgarana með olíu. Steikið á grillpönnu í olíu í 3-4 mínútur á hvorri hlið. Hitið hamborgarabrauðin. Setjið spínat á botnbrauðið, síðan laxaborgarann og lárperusalsa. Einnig er mjög gott að hafa grillaðan, ferskan ananas á borgarann.

## BEYGLA MEÐ EGGJASALATI OG REYKTUM LAXI

**Fyrir fjóra**

Margir eiga reyktan lax í ísskápnum um jólin. Reyktur lax passar mjög vel með eggjasalati og rjómaosti. Upplagt er að nota beyglu í þennan rétt en það má líka nota venjulegt brauð.

**3 egg**
**1 msk. sýrður rjómi**
**1 msk. majónes**
**1½ tsk. sinnep**
**1 vorlaukur, smátt skorinn**
**1 msk. graslaukur, smátt skorinn**
**1 msk. sultaðar agúrkur**
**½ tsk. tabasco**
**Salt og pipar**
**4 beyglur**
**Salatblöð**
**Reyktur lax**
**Vorlaukur til skrauts**

Sjóðið eggin í 10 mínútur og kælið.

Takið skurnina og skerið eggin smátt. Blandið saman sýrðum rjóma, majónesi, vorlauk, graslauk, agúrku og bragðbætið með tabasco, salti og pipar. Gott er að láta eggjasalatið vera í ísskáp í nokkra tíma áður en það er borðað.

Kljúfið beyglurnar í tvennt og ristið þær. Leggið salatblað á neðri hluta beyglunnar, eggjasalat og reyktan lax. Dreifið smátt skornum vorlauk yfir. Leggið lokið af beyglunni ofan á.

**Önnur hugmynd að beyglu gæti verið**
**2 msk. hreinn rjómaostur**
**50 g klettasalat**
**70 g brie-ostur**
**3 þunnt skornar sneiðar af hamborgarhrygg**
**Rifsberjahlaup**
**Þriðja hugmyndin er:**
**Hreinn rjómaostur**
**Stökkt beikon**
**Eggjahræra**
**Eggjahræruuppskrift**
**6 egg**
**6 msk. vatn**
**Salt og pipar**
**2 msk. smátt skorinn graslaukur**
**Smjör til steikingar**

Setjið eggin í skál ásamt vatni, salti og pipar. Hrærið vel saman. Bætið graslauknum við. Smjör er sett á pönnu og eggin sett út í. Steikt við miðlungshita og þegar eggin byrja að stífna er hrært léttilega með gaffli eða spaða.

## BLT-SAMLOKA

**Fyrir tvo**

Þetta er einhver frægasta samloka heimsins. Klassísk BLT er með beikoni, tómötum og salati. Hins vegar er mjög gott að bæta við kjúklingi, kalkún eða hamborgarhrygg.

**200 g beikon**
**6 brauðsneiðar, ristaðar**
**1 stór tómatur, skorinn í sneiðar**
**8 blöð romano-salat**
**Dressing**
**5 msk. majónes**
**2 msk. mjólk**
**1 hvítlauksrif**
**Salt og pipar**

Hrærið saman allt sem á að fara í dressinguna. Steikið beikonið þannig að það verði stökkt. Leggið á eldhúspappír. Notið gjarnan afganga af kjöti á brauðið líka.

Setjið salat, tómatsneið og beikon á tvær brauðsneiðar og dreifið sósunni yfir. Endurtakið allt saman ef þið viljið hafa samlokuna tvöfalda.

## BÍLAR & FARARTÆKI

**bilauppbod.is**

**PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

### Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

### Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

### Lyftarar



Eigum á lager nýjar skæralyftur frá SKYJACK og bómulyftur frá Niftylift uppl. 7742501 eyvindur@simnet.is www.skyjack.is

### Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## ÞJÓNUSTA

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Spádómar

**Nympha-dora**
Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan
VISA **562 8211** EURO

### Húsaviðhald

**Parketslípun**
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is
www.golflist.is
Gólflist
Parketlagnir og viðhald
99% RYKFRÍTT

## KEYPT & SELT

### Til sölu

HUMARSALAN

SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI
Heimsending. www.humarsalan.is
Pöntunarsími: 8676677

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

## HEILSA

### Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

## HÚSNÆÐI

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**GEYMSLURTILLEIGU.IS**
Þarftu að laga til fyrir jólin. Stærðir 1,6-5,5 fm. Jólatilboð fyrir nýja viðskiptavini: Desembermánuður frír. Aðgangur 24 tíma sólarhrings, upphitað og vaktað. Smiðjuvegur 4 Kópavogi. S: 4143000.

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR!**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500







**Íslenska fasteignasalan**

óskar öllum viðskiptavinum sínum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs, með þökkum fyrir viðskiptin á liðnu ári

Elín Viðarsdóttir Löggiltur fasteignasali +354 695 8905
elin@islenskafasteignasalan.is

Guðrún H. Ólafsdóttir Hdl/Löggiltur fasteignasali +354 845 7445
gudrun@islenskafasteignasalan.is

Íslenska fasteignasalan
Hlíðarsmári 12 • 201 Kópavogur
+354 788 6464
sala@islenskafasteignasalan.is



STRÁ

Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.

www.stra.is



**Til hvers að auglýsa ?**

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.

# ÁRSINS

4BLS KIPPA ÚT :)

RSLUN LANDSINS HALLARMÚLA OG UNDIRHLÍÐ AKUREYRI

T536

20 ÞÚSUND AFSLÁTTUR

ÁRAMÓTA SKOTKAKA FYLGIR MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

acer

## E5-553

- AMD A10-9600P Quad Core 3.3GHz Turbo
- 8GB DDR4 DUAL 1866MHz vinnsluminni
- 256GB SSD M.2 - Pláss fyrir auka disk
- 15.6" FHD LED Anti-Glare 1920x1080
- 8GB AMD R5 Bristol Ridge Gen7 skjákjarni
- 2.0 TrueHarmony 4W RMS hljóðkerfi
- 1300Mbps WiFi MU-MIMO, BT4, USB-C 3.1
- 720p HDR Crystal Eye Skype vefmyndavél
- Windows 10 64-bit, hlaðið nýjungum

**99.900**

VERÐ ÁÐUR 119.990

SF713

50 ÞÚSUND AFSLÁTTUR

ÞYNNSTA FARTÖLVA Í HEIMI!

ÁRAMÓTA SKOTKAKA FYLGIR MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

acer

## SWIFT7

- Intel Core i5-7Y54 3.2GHz Turbo 7th Gen
- 8GB DUAL DDR3 1866MHz vinnsluminni
- 256GB SSD M.2 - Enn hraðari ný kynslóð
- 13.3" FHD IPS Ultra Thin 1920x1080
- 2.0 Dolby Audio Premium hljóðkerfi
- Demantskorin Wide Precision snertiflötur
- 1732Mbps WiFi MU-MIMO, BT4, USB-C 3.1
- Þynnsta fartölva í heimi aðeins 9.98mm
- Windows 10 64-bit, hlaðið nýjungum

**169.990**

VERÐ ÁÐUR 219.990

NITRO

ÁRAMÓTA SKOTKAKA FYLGIR MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

40 ÞÚSUND AFSLÁTTUR

BAKLÝST LYKLABORÐ Í FULLRI STÆRÐ

## VN7-572G

### DRAUMAFARTÖLVA FRÁ ACER

Ný kynslóð úr úrvalsdeild Acer með Soft-touch metal finish, Dolby 4.0 hljóðkerfi, öflugu leikjaskjákorti, USB 3.1 Type-C og alla nýjustu tækni!

- Intel Core i5-6200U 2.8GHz Turbo 4xHT
- 8GB DDR4 2133MHz vinnsluminni
- 256GB SSD M.2 - Pláss fyrir auka disk
- 15.6" FHD IPS ComfyView 1920x1080
- 4GB GeForce GTX 950M leikjaskjákort
- 4.0 Dolby Digital Plus Surround hljóðkerfi
- 867Mbps WIFI AC MIMO, BT 4.0, USB-C 3.1
- 720p HDR Crystal Eye Skype vefmyndavél
- Windows 10 64-bit, hlaðið nýjungum

acer

**149.990**

VERÐ ÁÐUR 189.990

ALLT AÐ 40% AFSLÁTTUR AF THONET & VANDER HÁTÖLURUM

## KÜRBIS

### HÁGÆÐA 2.0 HLJÓÐKERFI

Ótrúlega flott "Pure Sound" 2.0 hljóðkerfi frá Thonet & Vander með öflugri 5.25" Aramid Fiber bassakeilu í glæsilegu hágæða viðarboxi.

- Hágæða Thonet & Vander hljóðkerfi
- 50W RMS og 50Hz - 20kHz tíðnissvið
- Öflugar 5.25" Aramid Fiber bassakeilur
- Hárnákvæmur 1" tweeter úr 100% silki
- Jafn og góður hljómur yfir allt tíðnissviðið
- Drone FX tæknin skilar kristaltærum hljóm
- Hammer Bass tækni fyrir meiri bassa
- 2x RCA stereo tengi, 6m kapal I fylgir.
- Kíktu í heimsókn og fáðu að hlusta :)

GERMAN ENGINEERING & DESIGN

THONET & VANDER state.of.the.art.sound

**11.990**

VERÐ ÁÐUR 19.990

ALLT AÐ 25% AFSLÁTTUR AF PRENTURUM VERÐ FRÁ 4.990:)

brother at your side

## J4120DW

- Hágæða þráðlaust A4/A3 fjölnotatæki
- Prentar allt að 18 bls/mín, 16 bls/mín í lit
- 4 hagkvæm hylki, fáanleg allt að 1200 bls
- 6000x1200 dpi prentari og 2400 dpi skanni
- 150 bls A4 bakki og A3 bak-matari
- Duplex sjálfvirk tvíhliða prentun, 6bls/mín
- 4.5cm lita snertiskjár fyrir allar aðgerðir
- Þráðlaust WIFI / Airprint / Cloud Print
- USB 2.0 tengi, PC, MAC og LINUX

**14.990**

VERÐ ÁÐUR 19.990

2017

50% AFSLÁTTUR

intel Security

## ÖRYGGISVÖRN

### ÁRS ÁSKRIFT FYRIR ÖLL TÆKI

- Öryggisvörn og öflug vírusleitarvél
- Fyrir Windows, Apple og Android
- Lokar á óöruggar vefsíður
- Öflugur eldveggur ver heimanet
- Ver þráðlausa netið gegn árásum
- Vörn gegn ruslpósti og Spyware
- Aðgangsstýring barna á netinu
- Má setja upp á 10 tæki heimilisins

**3.490**

VERÐ ÁÐUR 6.990

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

## HÁTALARAR Í ÚRVALI

ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

## FARTÖLVUTÖSKUR

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLU BLEKI OG PAPPÍR

## BLEK OG PAPPÍR

30% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM MINNISKORTUM

## MINNISKORT

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

## MYNDARAMMAR

Trust Primo 4400mAh 995 VERÐ ÁÐUR 4.990

ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

## FERÐARAFHLÖÐUR

ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

## USB GLINGUR

ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

## MINNISLYKLAR

SS® BenQ THONET & VANDER state.of.the.art.sound

# TÖLVUTEK

# LEIKJADEILDIN

## ÆSISPENNANDI TILBOÐ OG AFSLÆTTIR Á ÚTSÖLU ÁRSINS

XL2411

10% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM LEIKJA-SKJÁM!

### 24"3DLED
### 144Hz 3D SKJÁR

- Sérhannaður 144Hz 3D LED leikjaskjár
- 24" LED FULL HD 1080p 16:9 skjár
- 12 milljón:1 DCR og Senseye3 tækni
- 1ms viðbragðstími og FPS mode f/leiki
- HDMI 1.4, DVI-DL og VGA tengi
- Forstillingar fyrir helstu leiki, CS:GO ofl.
- Black eQualizer skilar hárbeittri sýn!

**44.990**
VERÐ ÁÐUR 49.990

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM LEIKJA-MÚSUM!

100% KEPPNIS ALVÖRU LEIKJA GRÆJA! — ÍSLENSKA CS:GO LANDSLIÐIÐ MÆLIR MEÐ ZOWIE — ATVINNUMENN Í CS:GO NOTA ZOWIE

### ECSERIES
### FYRIR ATVINNUSPILARA

- Zowie leikjamús fyrir atvinnuspilara
- ADNS 3310 LED Optical sensor
- 5 hnappar með hágæða Omron svissum
- Virkar fullkomlega án hugbúnaðar
- Hægt er að stilla DPI frá 400 til 3200
- Fullkomin lift-off fjarlægð og Palm grip
- Ómissandi í FPS tölvuleiki eins og CS:GO

**11.990**
VERÐ ÁÐUR 14.990

71SY

100 ÞÚSUND AFSLÁTTUR

ÁRAMÓTA SKOTKAKA FYLGIR MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

### PREDATOR
### LÚXUS LEIKJAVÉL FRÁ ACER!

Ótrúlegt leikjaskrímsli úr Predator línu Acer með forritanlegt RGB baklýst leikjalyklaborð og nýjustu kynslóð Nvidia leikjaskjákorts GeForce GTX 1060!

- Intel Quad Core i7-6700HQ 3.5GHz Turbo
- 16GB DUAL DDR4 2133MHz vinnsluminni
- 512GB SSD M.2 - Pláss fyrir auka disk
- 15.6" FHD IPS Anti-Glare 1920x1080
- 6GB GTX 1060 VR Ready leikjaskjákort
- 2.1 Predator SoundPound hljóðkerfi
- RGB baklýst ProZone leikjalyklaborð
- 867Mbps Killer Wireless, BT4.1, USB3.1
- Windows 10 64-bit, hlaðið nýjungum

**249.990**
VERÐ ÁÐUR 349.990

ÁRAMÓTA SKOTKAKA FYLGIR MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

0dB SILENT GAMING Windforce 2X SKJÁKORTIÐ SKILAR LoL OG FLEIRI LEIKJUM Í 0dB HLJÓÐLEYSI!

### GIGABYTE
### GAMING TÖLVUTILBOÐ 2

Kaby Lake leikjatölvan er með GTX 1060 nýjustu kynslóð leikjaskjákorta, ofur hröðum M.2 SSD disk, DDR4 minni, USB 3.1 og alla nýjustu tækni.

- Thermaltake H25 Window leikjaturn
- Intel i5-7400 Kaby Lake Quad 3.5GHz Turbo
- GIGABYTE Skylake B150 móðurborð
- 8GB DUAL DDR4 2400MHz hágæða minni
- 256GB SSD M.2 Plextor M7V diskur
- 3GB GTX 1060 Windforce leikjaskjákort
- 7.1 HD Audio með Noise Guard
- USB 3.1 Type-C & Type-A og M.2 tengi
- Windows 10 64-bit, hlaðið nýjungum!

**179.990**
NÚ MEÐ INTEL KABY LAKE!

10 ÞÚSUND AFSLÁTTUR VERÐ ÁÐUR 79.990

0dB SILENT GAMING Windforce 3X TÆKNIN SKILAR LoL OG FLEIRI LEIKJUM Í 0dB HLJÓÐLEYSI!

### GTX1070
### G1 GAMING LEIKJASKJÁKORT

- Nýjasta leikjaskjákortið frá GIGABYTE!
- 8GB GDDR5 8GHz 256-bit minni
- SUPER OC 1822Mhz og Nvidia boost 3.0
- DirectX12, GameStream og VR Ready!
- 1920 CUDA cores og 120T.U. fyrir leiki
- 3x 8K DP 1.4, HDMI 2.0 og DVI-D
- 16.7 milljón lita forritanleg RGB lýsing
- Nær hljóðlaus 0dB Windforce 3X tækni

**69.990**
AÐEINS Á ÚTSÖLU ÁRSINS!

10 ÞÚSUND AFSLÁTTUR VERÐ ÁÐUR 59.990

### PS4SLIM
### 1TB CALL OF DUTY INFINITE WAR

- 1TB harður diskur fyrir alla leikina
- Notar HDR tækni fyrir ótrúlega dýpt
- Spotify, Netflix, Youtube ofl ópp
- Fullkominn HD margmiðlunarspilari;)
- Taktu upp öll flottustu atvikin og deildu
- Styður PlayStation VR græjur;)
- Öflugri, þynnri og léttari ný kynslóð
- Nýr þráðlaus Dual Shock 4 stýripinni

**49.990**
AÐEINS 30 STK Í BOÐI!

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM LEIKJA-MÚSUM!

### LEIKJAMÝS

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM LEIKJA-LYKLABORÐUM

### LEIKJALYKLABORÐ

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

### LEIKJAHEYRNARTÓL

20 ÞÚSUND AFSLÁTTUR VERÐ ÁÐUR 49.990

GEAR4U 29.990

ALLT AÐ 40% AFSLÁTTUR

### LEIKJASTÓLAR

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM LEIKJA-MOTTUM!

### LEIKJAMOTTUR

ALLT AÐ 30% AFSLÁTTUR

### STÝRIPINNAR

ALLT AÐ 20% AFSLÁTTUR

### TÖLVULEIKIR

495 VERÐ ÁÐUR 1.990

75% AFSLÁTTUR

### VR CARDBOARD

**ÚTSALA ÁRSINS**

27-30. DESEMBER
12:00 - 18:00

GAMLÁRSDAG
10:00 - 12:00

LOKAÐ 1. JAN 2017
OPNUM AFTUR 2. JAN KL 12:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

# Hafnarfjarðarslagur á Seltjarnarnesi

**HANDBOLTI** Eins og undanfarin ár þurfa færustu handboltamenn Olís-deilda karla og kvenna að læsa inni konfektskálina því keppt verður um Flugfélags Íslands-bikarinn milli jóla og nýárs. Þar mætast efstu fjögur liðin í báðum deildunum; efsta liðið mætir því sem er í fjórða sæti í undanúrslitum og annað og þriðja sætið mætast. Sigurvegararnir berjast svo um deildabikarinn sjálfan í úrslitaleik.

Í kvennaflokki verður endurtekning á úrslitaleiknum frá því í fyrra í undanúrslitunum þar sem Fram og Valur mætast en Safaramýrarliðið hafði betur í Reykjavíkurslagnum um sigur í bikarnum á síðasta ári.

Í hinum undanúrslitaleiknum mætast nágrannaliðin Stjarnan og Haukar en það verður síðasti leikur dagsins. Öll undanúrslitin fara fram sama daginn, á morgun, og úrslitaleikurinn á miðvikudaginn.

Ríkjandi deildabikarmeistarar Hauka þykja ansi líklegir til sigurs en þeir mæta FH í Hafnarfjarðarslag. Því miður fyrir handboltaáhugamenn fer mótið ekki fram í Strandgötu þetta árið heldur Hertz-hellinum á Seltjarnarnesi en ekki hefði verið amalegt að horfa á Hafnarfjarðarslaginn í gömlu góðu Strandgötunni.

Haukarnir eru í öðru sæti Olís-deildar karla eftir að vinna níu leiki í röð. Þeir einmitt tóku FH með einu marki í dramatískum Hafnarfjarðarslag í síðasta leik fyrir HM-fríið.

Topplið Aftureldingar mætir Valsmönnum í fyrri undanúrslitaleik karla. Karlalið Vals líkt og konurnar tapaði í úrslitum í fyrra og þarf nú að komast í gegnum strákana úr kjúklingabænum ætli þeir sér alla leið á ný. -tom



Það er alltaf hart barist þegar Hafnarfjarðarliðin mætast. Fréttablaðið/Ernir



## Hörður Björgvin bestur í Bristol

**FÓTBOLTI** Hörður Björgvin Magnússon, landsliðsmaður í fótbolta, hefur verið besti leikmaður enska B-deildarliðsins Bristol City að mati Andys Stockhausen, blaðamanns Bristol Post, sem fylgist grannt með gangi mála hjá liðinu.

Hörður Björgvin gekk í raðir Bristol frá Juventus fyrir tæplega þrjár milljónir punda fyrir leiktíðina og hefur spilað alla deildarleiki liðsins. Stockhausen segir íslenska varnarmanninn hafa oftar en ekki verið besta mann vallarins hjá Bristolliðinu á þessari leiktíð.

„[Hörður Björgvin] Magnússon sker sig úr hópnum að mínu mati. Hann hefur aðlagast enska boltanum vel. Ekki bara þurfti hann að aðlagast nýrri menningu og nýju landi heldur einnig nýjum leikstíl sem er allt öðruvísi en sá sem hann vandist á Ítalíu,“ segir Stockhausen, en Hörður er þó ekki alveg fullkominn að sögn blaðamannsins.

„Hann hefur bætt sig mikið í loftinu og þá hafa löng innköst hans valdið usla. Hann getur þó enn bætt sig í ákvarðanatökum og má hitta betur úr aukaspyrnum.“



## Sigurgöngunni lokið hjá Löwen

**HANDBOLTI** Íslendingaliðið Rhein-Neckar Löwen tapaði, 35-32, fyrir Magdeburg í þýsku 1. deildinni í handbolta í gær. Þar með lauk hvorki meira né minna en þrettán leikja sigurgöngu Ljónanna sem eru búin að vera ansi líkleg til að verja Þýskalandsmeistaratitilinn sinn þessa leiktíðina. Guðjón Valur Sigurðsson komst ekki á blað en hann brenndi af öllum þremur skotum sínum í leiknum. Alexander Petersson skoraði fjögur mörk.

Kiel vann Bergischer, 24-20, og komst upp að Löwen og Flensburg á toppi deildarinnar. Baráttan um þýska titilinn hefur sjaldan verið harðari en Flensburg á leik til góða á bæði Kiel og Löwen.


# FLUGFÉLAG ÍSLANDS MÓTIÐ

DEILDARBIKAR HSÍ | FLUGFELAG.IS



**FLUGFÉLAG ÍSLANDS MÓTIÐ** fer fram í Hertz-höllinni Suðurströnd 8, Seltjarnarnesi, dagana 27.–28. desember.

**27. DESEMBER**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Fram | Valur | kl. 16:00 | Kvenna |
| Afturelding | Valur | kl. 17:45 | Karla |
| Haukar | FH | kl. 19:30 | Karla |
| Stjarnan | Haukar | kl. 21:15 | Kvenna |

**28. DESEMBER**

| | | |
|---|---|---|
| Úrslit | kl. 18:30 | Kvenna |
| Úrslit | kl. 20:15 | Karla |

**FLUGFÉLAG ÍSLANDS MÆLIR MEÐ** því að fylgja sínu liði gegnum æsispennandi lokamínútur ársins og láta í sér heyra. Við stöndum við bakið á íslenskum handbolta og sendum baráttukveðjur á Seltjarnarnesið yfir hátíðarnar. Koma svo!

Miðasala á **tix.is**

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

ÍSLENSKA SIA.IS FLU 82617 12/16

## Merkisatburðir

**1831** Charles Darwin leggur úr höfn á skipi sínu Beagle. Á siglingu sinni vinnur hann að þróunarkenningunni.
**1845** Eter er notaður sem deyfilyf við fæðingu í fyrsta sinn.
**1845** Bandaríski blaðamaðurinn John L. O'Sullivan notar frasann „Manifest Destiny“ í fyrsta sinn. Frasinn er notaður til þess að réttlæta útþenslu Bandaríkjanna í átt að Kyrrahafi.
**1936** Ungmennafélagið Valur er stofnað á Reyðarfirði
**1945** Alþjóðabankinn og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn eru stofnaðir.
**1956** Lögbann er sett á hnefaleika á Íslandi.
**1988** Fyrsta fasta bílnúmerið í nýju númerakerfi er sett á bíl Halldórs Ásgrímssonar, HP741.



†

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðný Helga Árnadóttir**
kennari

lést á Landspítala 18. desember síðastliðinn. Útför fer fram í Keflavíkurkirkju 29. desember kl. 13.

**Höskuldur Goði Karlsson**
**Þorbjörg Ágústa Höskuldsdóttir Guðmundur R. Guðmundsson**
**Ásdís Þrá Höskuldsdóttir Ásmundur Magnússon**
**Hallveig Björk Höskuldsdóttir**
**Halldís Hörn Höskuldsdóttir Lars Andersen**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Hrafnhildur Kjartansdóttir Thors**
hjúkrunarheimilinu Mörk, Suðurlandsbraut 66, Reykjavík,

lést að heimili sínu þann 18. desember síðastliðinn. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju fimmtudaginn 29. desember kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarstofnanir eða hjúkrunarheimilið Mörk.

**Hrefna Sigurgeirsdóttir Guðjón Jónsson**
**Kjartan Sigurgeirsson Þórdís G. Bjarnadóttir**
**Jón Sigurgeirsson Sigríður Harðardóttir**
**Hrafnhildur Sigurgeirsdóttir Friðrik Hafberg**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Ástkær eiginkona mín,

**Guðbjörg E. Hrafnsdóttir**
Austurbergi 36,

lést að heimili sínu 17. desember. Útför hennar verður frá Fossvogskapellu 27. desember kl. 13.00. Kærar þakkir til englanna hjá Karítas fyrir alla hjálpina.

**Valdimar Eiríksson**
**og aðstandendur.**

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi
SÍÐAN 1996
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Sverrir Einarsson
Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er
www.utforin.is

Kristín Ingólfsdóttir
ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

Nærgætni, hlýja og virðing
Við andlát ástvinar

Ísleifur Jónsson
Útfararstjóri
Farsími 821 5353

Steinunn Magnúsdóttir
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441
ÚTFARARSTOFA REYKJAVÍKUR
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn

# Bjarni Felixson fagnaði afmælinu oft í vinnunni

**Bjarni Felixson er áttræður í dag en hann er lítið afmælisbarn að eigin sögn. Það hentaði vel að eiga afmæli strax á eftir jólum því þá var auðvelt að komast hjá frekara veisluhaldi. Í dag fær hann þó engu um það ráðið. Matarboð verður haldið honum til heiðurs.**

Bjarni Felixson, fyrrverandi íþróttafréttamaður og landsliðsmaður í knattspyrnu, fagnar í dag áttatíu ára afmæli sínu. Deginum mun Bjarni verja í faðmi fjölskyldunnar.

Dagurinn í dag er ekki aðeins afmælisdagur íþróttalýsandans ástsæla því í dag eru 55 ár síðan Bjarni og Álfheiður Gísladóttir, eiginkona hans, opinberuðu trúlofun sína. Þau gengu í það heilaga 3. júní ári síðar.

Sjálfur er Bjarni lítið afmælisbarn og segir það hafi í gegnum tíðina verið afar þægilegt að eiga afmæli 27. desember. Líkt og alþjóð veit fylgir sá dagur svo að segja alltaf öðrum í jólum og því hefur veisluhald oft farið fyrir ofan garð og neðan.

„Ég hef sjaldan haldið upp á afmælið mitt. Það hafa verið veisluhöld dagana á undan og það er of mikið að hafa veislu fjórða daginn í röð,“ segir Bjarni.

Sú regla er þó háð undantekningum. Bjarni hélt upp á fimmtugsafmælið sitt og bauð í heilmikla veislu þar sem fjölskylda hans og vinir drógu hann sundur og saman í háði.

„Sú veisla yljar manni enn. Æran var gjörsamlega tætt af manni,“ segir Bjarni og hlær. Fór Ellert Schram, fyrrverandi þingmaður og samherji Bjarna í KR, þar fremstur í flokki að sögn afmælisbarnsins. Þetta er hins vegar í eina skiptið sem blásið var til stórrar veislu. Lýsing íþróttaviðburða var talsvert algengri heldur en afmælisveislur.

> **„Það voru mjög oft handboltaleikir á afmælisdaginn sem ég lýsti. Það gerðist til dæmis reglulega að það var leikur milli Íslendinga og Dana**

„Það voru mjög oft handboltaleikir á afmælisdaginn sem ég lýsti. Það gerðist til dæmis reglulega að það var leikur milli Íslendinga og Dana,“ segir Bjarni. Hann segir það hafi ekki verið svo að menn kæmu þungir í leikina sökum veisluhaldsins dagana á undan. „Það var þá allavega jafnt á komið hjá Íslendingum og Dönum í þeim efnum.“

„Ég er afskaplega ríkur maður,“ segir Bjarni en þau Álfheiður eiga fjögur börn, níu barnabörn og eitt barnabarnabarn. „Börnin ætla að halda veislu í tilefni dagsins. Það verður matarboð fyrir mig og mína nánustu af þeim sökum. Ég fékk engu um það ráðið.“

johannoli@frettabladid.is



Börn Bjarna Felixsonar halda veislu honum til heiðurs FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



†

Ástkær faðir okkar, sonur, stjúpsonur, bróðir og vinur,

**Hjalti Bergmann Hjaltason**

lést á heimili sínu í Hafnarfirði sunnudaginn 18. desember. Jarðarförin fer fram í Vídalínskirkju fimmtudaginn 29. desember kl. 11.

**Gunnar Breki Hjaltason**
**Írena Kristín Hjaltadóttir**
**Ísak Karl Hjaltason**
**Hjalti Bergmann**
**Ólafur Stefánsson**
**og systkini.**



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Stefán Sigurkarlsson**
lyfjafræðingur og fyrrverandi apótekari,

lést 17. desember á hjúkrunarheimilinu Sóltúni. Útförin fer fram í Digraneskirkju, miðvikudaginn 28. desember kl. 13.00.

**Anna Guðleifsdóttir**
**Sigurkarl Stefánsson Olga Lísa Garðarsdóttir**
**Sigurborg Stefánsdóttir Mekkinó Björnsson**
**Anna Kristín Stefánsdóttir Sigurður Erlingsson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

EPSON

# 20.000 - 100.000 KRÓNA AFSLÁTTUR WORKFORCE PRO

Lækkað verð í desember og janúar á vinsælu Epson Workforce Pro fyrirtækjaprentunum.




LÆKKAÐU PRENTKOSTNAÐ FYRIRTÆKISINS

TÖLVU LISTINN
FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA

REYKJAVÍK · AKUREYRI · HÚSAVÍK · EGILSSTAÐIR · SELFOSS · KEFLAVÍK · AKRANES · WWW.TL.IS

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Þriðjudagur




Sunnanstormur eða rok í dag, hvassast um landið norðvestanvert. Talsverð rigning sunnan og vestanlands, en úrkomulítið norðaustan til. Hlýnar ört, hiti 4 til 12 stig eftir hádegi og víða má búast við asahláku. Hægari suðvestanátt um kvöldið með skúrum og síðar éljum og kólnandi veðri, fyrst vestan til.

## Miðvikudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 2° | -3° | -3° |
| ↗19 | ↗24 | ↗20 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| -3° | 0° | -5° |
| ↑14 | ↗17 | ↗23 |

## Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 3° | -0° | -3° |
| ↖14 | ↑12 | ↖5 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| -0° | 1° | -3° |
| ↑8 | ↖5 | ↑16 |

# Þrautir

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. lof
6. í röð
8. fýldur
9. borða
11. gelt
12. grunneiningu lífveru
14. fjandans
16. rás
17. missir
18. rell
20. kyrrð
21. ögn

**LÓÐRÉTT**
1. pappír
3. mannþvaga
4. undirokunar
5. bar
7. sáldraður
10. eyrir
13. gilding
15. fugl
16. egna
19. tveir eins



**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. pökk, 6. rs, 8. súr, 9. éta, 11. gá, 12. frumu, 14. árans, 16. æð, 17. tap, 18. suð, 20. ró, 21. arða. **LÓÐRÉTT:** 1. bréf, 3. ös, 4. kúgunar, 5. krá, 7. stráður, 10. aur, 13. mat, 15. spói, 16. æsa, 19. ðð.

## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 8 | | 2 | 4 | 9 | | 7 |
| | | 7 | | | 6 | | 3 | |
| | | | | 8 | | | | 6 |
| | 2 | 3 | 5 | | | | | |
| | 5 | | 6 | | | 8 | | |
| | | | | | 2 | 3 | 9 | |
| 5 | 7 | | | 3 | 1 | 4 | 6 | |
| | | | | 4 | 7 | | 1 | |
| 1 | 9 | | | | | 7 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | | | 9 | 3 | | | 2 | 5 |
| | | 3 | | 6 | | | | |
| | 9 | | 7 | | 1 | | | |
| | | | 1 | | 3 | 9 | 5 | |
| | | 6 | | 9 | 4 | 3 | | 2 |
| 7 | | | | | | 8 | | |
| | | 1 | 3 | 5 | | | | 9 |
| | | | | | | 5 | | 8 |
| | | 2 | | | | 4 | 1 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 9 | | | 3 | | | 4 | 2 |
| | | 5 | 1 | | 4 | | | 6 |
| | | | 8 | 9 | | | 5 | |
| | | | | | | 4 | 3 | |
| | 5 | | | | 7 | | | |
| 2 | | | 9 | | | | | |
| 3 | | | 5 | | | 7 | 1 | |
| | | 6 | | 2 | | | | |
| | | | 3 | | 8 | | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausn síðustu sudoku →

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | 6 | 4 | 9 | 8 | 7 | 5 | 2 |
| 7 | 9 | 5 | 1 | 2 | 6 | 3 | 4 | 8 |
| 4 | 2 | 8 | 3 | 5 | 7 | 6 | 9 | 1 |
| 8 | 4 | 2 | 5 | 7 | 3 | 9 | 1 | 6 |
| 6 | 7 | 1 | 8 | 4 | 9 | 2 | 3 | 5 |
| 5 | 3 | 9 | 6 | 1 | 2 | 8 | 7 | 4 |
| 9 | 5 | 3 | 2 | 6 | 1 | 4 | 8 | 7 |
| 1 | 6 | 7 | 9 | 8 | 4 | 5 | 2 | 3 |
| 2 | 8 | 4 | 7 | 3 | 5 | 1 | 6 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | 7 | 5 | 1 | 3 | 2 | 9 | 8 |
| 5 | 8 | 2 | 7 | 9 | 4 | 1 | 6 | 3 |
| 9 | 1 | 3 | 6 | 8 | 2 | 4 | 5 | 7 |
| 8 | 9 | 5 | 2 | 3 | 6 | 7 | 4 | 1 |
| 1 | 2 | 6 | 4 | 7 | 9 | 8 | 3 | 5 |
| 3 | 7 | 4 | 8 | 5 | 1 | 6 | 2 | 9 |
| 6 | 3 | 1 | 9 | 2 | 8 | 5 | 7 | 4 |
| 2 | 5 | 9 | 1 | 4 | 7 | 3 | 8 | 6 |
| 7 | 4 | 8 | 3 | 6 | 5 | 9 | 1 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 8 | 3 | 7 | 2 | 1 | 6 | 9 | 4 |
| 4 | 6 | 1 | 3 | 5 | 9 | 7 | 2 | 8 |
| 7 | 9 | 2 | 8 | 4 | 6 | 3 | 1 | 5 |
| 8 | 1 | 6 | 4 | 9 | 2 | 5 | 3 | 7 |
| 9 | 7 | 5 | 1 | 8 | 3 | 2 | 4 | 6 |
| 2 | 3 | 4 | 6 | 7 | 5 | 9 | 8 | 1 |
| 6 | 2 | 8 | 9 | 1 | 7 | 4 | 5 | 3 |
| 3 | 4 | 9 | 5 | 6 | 8 | 1 | 7 | 2 |
| 1 | 5 | 7 | 2 | 3 | 4 | 8 | 6 | 9 |

## Skák Gunnar Björnsson

Jóhann Hjartarson (2538) átti leik gegn Einari Hjalta Jenssyni á Friðriksmóti Landsbankans fyrir skemmstu.

**Hvítur á leik**

**36. Kh3!** Skyndilega er hrókur af og Einar gafst upp. Íslensk skákfélög eru með öfluga skákdagskrá um jólahátíðina. Á morgun fer fram Íslandsmótið í atskák. Allt um jólastarfsemina á www.skak.is.

**www.skak.is:** Gleðileg jól!






# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






# Útsalan hefst í dag kl. 11

JAFNLAUNA-VOTTUN VR

**Verslun opin 11-21 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - **www.IKEA.is**

IKEA®

# Krefjandi ákvarðanir gera sýninguna skemmtilega

**Kári Viðarsson hefur á undanförnum árum sett upp fjölda leiksýninga í Frystiklefanum í Rifi. Næsta föstudag verður frumsýnd þar stærsta sýningin til þessa og reyndar einnig sú síðasta á vegum Kára.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Flestir Íslendingar þekkja söguna Ferðin að miðju jarðar, eftir franska snillinginn Jules Verne, en þó fáir vart jafnvel og fólkið á Snæfellsnesi. Það kemur því ekki á óvart að Kári Viðarsson, forsvarsmaður leikhússins í Rifi, skuli hafa ákveðið að ráðast til atlögu við þetta merka verk enda Kári stórhuga leikhúsmaður sem hefur gert magnaða hluti í Frystiklefanum í Rifi á síðustu árum.

Sýningin Journey to the Center of the Earth er eftir Kára Viðarsson, sem einnig leikur í verkinu, verður frumsýnd í Frystiklefanum í Rifi næstkomandi föstudag. Leikstjóri er Árni Kristjánsson en aðrir sem koma fram eru þau Smári Gunnarsson, Stephanie Lewis og Dóra Unnarsdóttir ásamt 17 krökkum af svæðinu. Hönnun leikmyndar og búninga er í höndum Francescu Lombardi frá Ítalíu, Ragnar Ingi Hrafnkelsson sér um tónlist og hljóðmynd og danshöfundur sýningarinnar er hin ástralska Jordine Cornish. Hér er því svo sannarlega á ferðinni fjölþjóðleg stórsýning og Kári segir að það sé vissulega gaman að takast á við þetta verk á þessum stað. „Við erum með leikhúsið nánast við innganginn að miðju jarðar. Við gætum eiginlega ekki verið mikið nær enda leikhúsið næsti nágranni jökulsins. Það hefur líka blundað í mér að takast á við þetta allt frá því að ég stofnaði þetta leikhús.“



**Kári Viðarsson í Frystiklefanum í Rifi þar sem hann hefur byggt upp öflugt leikhús- og menningarlíf á síðustu árum.**

### Rússibanareið

Kári segist vera frá Hellissandi, leikhúsið að Rifi og að þetta séu nánast einn og sami staðurinn. „Ég held að við sem búum á þessu svæði þekkjum öll þessa sögu og við erum svona pínu stolt af því að þessi bók hafi eiginlega verið fyrsta alþjóðlega auglýsingin fyrir þetta svæði. Þessi bók hefur líka haft gríðarlega mikil áhrif á allt mannlíf og alla ferðamennsku á svæðinu. Þetta er saga sem leikhúsið mitt á að segja og er sérstaklega gaman fyrir okkur að takast á við.“

En hvaða leið er þá farin með svona kunnuglegt verk á þessum slóðum. „Hvað á ég að segja? Hún er áhættusöm út af því að mér fannst, þegar ég var að takast á við sögu sem þessa, að þá þyrfti að taka áhættu. Einfaldlega vegna þess að sagan fjallar um að taka áhættu. Jules Verne, með sinn vísindaskáldskap, var mikill frumkvöðull í bókmenntum. Hann var að búa til og finna upp hluti í sínum sögum sem urðu svo að veruleika einhverjum hundrað árum síðar. Þannig að þegar ég fór að pæla í þessu þá vildi ég vera þessu trúr og skapa leikhús á ystu nöf þó svo við hefðum ekki mikla peninga umleikis. En við erum að taka áhættu og prófa að búa til einhvers konar leikhúsbræðing, einhvers konar rússíbanareið af alls konar leikhúsi.“

### Óður til leikhússins

Sýningin markar ákveðinn endapunkt fyrir það ferli sem hann hefur unnið hörðum höndum að síðustu ár með Frystiklefanum. „Þetta er níunda sýningin sem ég er að gera og þessi verður sú síðasta hjá mér sem ég ætla að gera, alla vega í mjög langan tíma, hér fyrir vestan. Ástæðan er einfaldlega sú að mig langar til þess að gera eitthvað annað. Ég hafði ákveðna sýn á það sem ég vildi gera og hvaða sögur ég vildi segja og ég lít á þetta sem ákveðinn endapunkt. En þó ég sé að hætta að gera nýjar sýn-

# Við erum ekkert að fara að pynta áhorfandann

Félagarnir Þorvaldur Sigurbjörn Helgason og Ástvaldur Axel Þórisson vinna þessa dagana að undirbúningi á all sérstæðum listviðburði í Mengi næstkomandi fimmtudag. Ástvaldur er raftónlistarmaður og rekur einnig útgáfufyrirtæki oqko í Berlín þar sem hann er búsettur um þessar mundir líkt og svo margir íslenskir listamenn. Bakgrunnur Þorvalds er hins vegar í sviðslistunum en hann er útskrifaðist sem sviðshöfundur frá Listaháskóla Íslands.

Þorvaldur segir að verkið sem þeir ætli að flytja kallist Vald og sé í raun blanda af hljóð- og sviðsverki. „Við köllum þetta leikrænt hljóðverk. Unnið í framhaldi af því að við vorum að kynna okkur áhrif hljóða og ljósa á mannslíkamann. Í framhaldinu skoðuðum við hvernig hljóð og ljós hafa verið notuð í hernaðarlegum tilgangi og þá ekki síst hvernig herir, öryggislögregla og leyniþjónustur nýta sér slíkt við yfirheyrslur og þá aðallega í Bandaríkjunum.“

Þorvaldur segir að Vald sé samið út frá þessari rannsókn og það sé sett upp með þeim hætti að áhorfandinn gengur inn í yfirheyrslu þar sem það er aðeins einn áhorfandi í einu. „Þetta er svona eins og þú sért að fara inn í yfirheyrslu en svo eru eingöngu hljóð og ljós notuð í verkinu því það er engir eiginlegir flytjendur.

Þetta er óneitanlega soldið intensíft verk, það eru notaðar raddir sem yfirheyra áhorfandann en við gætum þess þó að þetta verði ekki of óþægileg upplifun. Við erum auðvitað ekkert að fara að pynta áhorfandann en hugmyndin er að þetta gefi fólk samt ákveðna innsýn í þennan heim og hvernig þessum áhrifum er beitt á manneskjur víða um veröld til þess að afla upplýsinga eða ná brjóta fólk undir vilja stjórnvalda.“

Hver og einn flutningur tekur um fimmtán mínútur og Þorvaldur segir að með því að hafa aðeins einn áhorfanda í einu þá náist fram þessu tilfinning fyrir viðkomandi að hann sé inni í verkinu.



**Þorvaldur Sigurbjörn Helgason og Ástvaldur Axel Þórisson verða í Mengi á fimmtudaginn**

**VIÐ ERUM ÓTTUMST EKKERT AÐ ÞETTA GANGI OF NÆRRI FÓLKI, EN ÉG MÆLI EKKERT MEÐ ÞVÍ AÐ FÓLK SEM ER VIÐKVÆMT FYRIR HÁUM HLJÓÐUM SÉ AÐ KOMA.**

„Áhorfandinn verður þannig órjúfanlegur hluti af því sem við erum gera. Við óttumst ekkert að þetta gangi of nærri fólki, en ég mæli ekkert með því að fólk sem er viðkvæmt fyrir háum hljóðum sé að koma. En ég hef persónulega mjög gaman af því að fara á verk






ingar þá er ég ekki að hætta í húsinu. Við erum áfram viðburðahús og það verða bara ekki fleiri nýjar sýningar frá mér.

En það eru minni úr hinum sýningunum sem eru að koma upp í þessari, alveg svona náttúrulega, án þess að ég hafi ætlað mér það. En mér finnst það skemmtilegt og þessi sýning er ákveðinn óður til leikhússins, lífsins og gleðinnar.“

**Túristagildra?**

Sýningin er leikin á ensku og aðspurður hvort með því sé Kári að setja upp túristagildru í leikhúsinu í Rifi þá neitar hann því þó alfarið. „Það er einfaldlega komið til af því að leikhúsið mitt er með leikár á sumrin. Vegna þess að á sumrin eru tugir þúsunda manns á þessu svæði og flestir þeirra eru enskumælandi og það er því aðalmarkaðurinn sem ég er að stíla inn á. Ég verð að gera það til þess að sýningarnar geti átt sér langt líf, við leikið þær oft og þær geti borið sig. Oftast hef ég gert þetta fyrst á íslensku og svo fært þetta yfir á ensku en í þessu tilviki erum við að gera söngleik og að vinna með tónlist eftir erlenda aðila og með enska leikkonu. Þess vegna tók ég þessa ákvörðun því að annars hefði þetta verið alveg tvöfalt ferli og það er því miður einfaldlega ekki í boði.“

**Krefjandi verkefni**

Kári segir að það hafi verið teknar alls konar ákvarðanir í þessu ferli við að setja upp þetta viðamikla verk. „Ákvarðanir sem ég held að afskaplega fá leikhús, ef einhver, í heiminum hefðu tekið. Til að mynda ákvað ég að vinna með börnum af svæðinu. Þetta er mjög lítið svæði og börn og unglingar hér fá sjaldan tækifæri til þess að vinna með atvinnufólki í listum, þannig að ég ákvað það strax að allir sem mættu í prufu skyldu fá hlutverk. Alveg óháð allri reynslu eða aldri og það gerir ferlið gríðarlega krefjandi en það gerir sýninguna líka rosaalega skemmtilega.

Mér finnst þetta hafa gengið einstaklega vel og ég er afskaplega ánægður með allt teymið sem að þessu kemur. Ég er með frábæra leikara sem ég hef unnið með áður og var með í skóla og eins geggjaðan leikstjóra í Árna Kristjáns. Svo erum við með erlenda listamenn sem koma að öllum hliðum sýningarinnar og það gerir líka gríðarlega mikið fyrir okkur. Þannig að ég tel að þessi sýning sé á mjög stórum kvarða og ég held að það eigi eftir að koma mörgum í opna skjöldu hversu stórt þetta er hjá okkur.“



Úr leiksýningunni Journey to the Center of the Earth sem verður frumsýnd næsta föstudag.



með verk sitt Vald. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

sem ögra mér sem áhorfanda og sem sviðshöfundur hef á gaman af því að skapa verk sem býr til aðstæður þar sem áhorfendur verða þátttakendur eða hluti af listaverkinu sjálfu.“

Þeir félagar ætla að byrja klukkan tvö á fimmtudaginn og ætla að vera að til klukkan tíu um kvöldið. Áhorfendur geta pantað sér miða á valdiceland@gmail.com, og velja um leið sína tímasetningu. - mg










# Hvað? Hvenær? Hvar?
# Þriðjudagur

hvar@frettabladid.is

## 27. DESEMBER

### Tónlist

**Hvað?** Hátíðartónleikar í Eldborg
**Hvenær?** 12.30
**Hvar?** Harpa
Yfirskriftin er Reykjavik Classics New Year's Celebration. Tónleikarnir eru 30 mínútur að lengd án hlés. Á efnisskránni eru m.a. hugljúf og dásamleg meistaraverk Jóhanns Sebastian Bach. Sérstakir gestaflytjendur á þessum hátíðartónleikum verða hinir ungu og efnilegu hljóðfæraleikarar Rannveig Marta Sarc fiðluleikari, sem stundar nú nám við Juilliard-tónlistarháskólann í New York og Ásta Kristín Pjetursdóttir víóluleikari, sem stundar nú nám við Konunglega Konservatoríið í Kaupmannahöfn. Aðrir flytjendur verða Áshildur Haraldsdóttir flautuleikari og Nína Margrét Grímsdóttir píanóleikari sem jafnframt er listrænn stjórnandi Reykjavik Classics tónleikaraðarinnar.

**Hvað?** Perlur íslenskra sönglaga
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Harpa
Áramótatónleikar þar sem íslensk sönglög eru flutt og kynnt. Viðfangsefnin að þessu sinni tengjast jólum og áramótunum með einum eða öðrum hætti, þar sem m.a. er sungið um álfa og huldufólk, tröll og útilegumenn. Sungið er á íslensku en kynningar eru á ensku.

**Hvað?** Klassískir gullmolar
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Hjallakirkja í Kópavogi
Hrólfur Sæmundsson barítón, Þorbjörn Rúnarsson tenór, Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir mezzósópran, Hrafnhildur Björnsdóttir sópran og Martyn Parkes píanóleikari koma fram með Impromptu Opera og syngja vel valda klassíska gullmola allt frá Rossini, Verdi, Puccini, Delibes, Bizet til Gershwins.



Sirkus Íslands verður fullorðinssirkus í dag.



**Meistaraverk Jóhanns Sebastians Bach verða tekin fyrir á hátíðartónleikum í Hörpu.**

**Hvað?** Jólatónleikar Húrra
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Húrra
Í tilefni heilagra jóla verða hátíðlegir tónleikar haldnir á skemmtistaðnum Húrra. Ljúfir tónar munu finna sér leið í hjörtun og framkalla hinn sanna jólaanda. Væn rispa, Brilliantinus og Krakk&Spaghettí halda uppi stuði.

**Hvað?** Tónleikar Ingibjargar og Indriða
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
Tónlistarmennirnir Ingibjörg Elsa Turchi og Indriði Arnar Ingólfsson halda tónleika. Bæði hafa þau dvalið í Berlín undanfarna mánuði og upp úr því farið að bralla saman eitt og annað músíkalskt sem verður á vegi gesta Mengis í kvöld. Ingibjörg Turchi er bassaleikari sem hefur gert garðinn frægan með hljómsveitum á borð við Boogie Trouble, Babies-flokkinn og Ylju auk þess að hafa starfað með fjölmörgum öðrum tónlistarmönnum. Indriði sendi nýverið frá sér hljómplötuna Makríl sem hefur fengið afar góðar viðtökur.

### Sýningar

**Hvað?** Fullorðinssirkus
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Iðnó
Sirkus Íslands blæs til fullorðinssirkuss milli jóla og nýárs. Það er fátt skynsamlegt við kabarettsýninguna Skinnsemi. Sýningin er með sirkusívafi þar sem lagt er upp úr fullorðinshúmor. Loftfimleikar, sippubönd, rauðvín, lundabangsar, djöggl og allt fullorðins.

### Ráðstefnur

**Hvað?** IceWeb 2017 ráðstefna
**Hvenær?** 08.30
**Hvar?** Harpa
Ráðstefnan IceWeb verður haldin í Hörpu en nú eru tíu ár frá því að þessi alþjóðlega ráðstefna um vefmál var haldin fyrst á Íslandi. Að venju verða þekktir erlendir sérfræðingar fluttir inn til að halda erindi ásamt góðkunnum innlendum fyrirlesurum. Fyrirlesarar munu fjalla um m.a. vefforitun, aðgengismál og hönnun. Þetta er ráðstefna sem enginn sérfræðingur í vefmálum má láta fram hjá sér fara. Ráðstefnan stendur yfir til klukkan 17.00.





BIO ★ PARADIS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

Lion ........ 17:30
Slack Bay ........ 17:30
Eiðurinn ENG SUB. ........ 17:45
Doctor Who Xmas 2016 ........ 20:00
Innsæi ........ 20:00
Gimme Danger ........ 20:00
Embrace of the Serpen ........ 22:00
Captain Fantastic ........ 22:00
Grimmd ........ 22.15






FRÁBÆR SKEMMTUN FYRIR KRAKKA Á ÖLLUM ALDRI

# ÞROSKANDI & SKEMMTILEGT SPIL

SEM FÆR KRAKKA TIL AÐ LEIKA OG TALA SAMAN




## KOMIÐ Í VERSLANIR



**NATIVITY – XMAS SPECIAL**
Sérstakur jólaþáttur þar sem við fáum að fylgjast með börnunum úr þættinum The Secret Life of a 4 Year Olds sem nú eru orðin 6 ára og koma saman og fylgjast með jólahelgileiknum. Við fáum að heyra þær skemmtilegu hugleiðingar sem detta í kollinn á þessum litlu snillingum.

ÞRÆLGÓÐUR
**ÞRIÐJUDAGUR**
Fáðu þér áskrift á **365.is**
365



**TIMELESS**
Stórskemmtilegir spennuþættir um þríeyki sem ferðast aftur í tímann og freistar þess að koma í veg fyrir þekkta glæpi sögunnar og þar með gjörbreyta heimssögunni eins og við þekkjum hana.



**NOTORIOUS**
Hressilegir spennuþættir um hörkukvendið Julie sem framleiðir vinsæla fréttaþætti og hinn úrræðagóða lögfræðing Jake sem svífst einskis til að fá sínu framgengt.



**BLINDSPOT**
Hörkuspennandi þættir um Jane Doe sem er aftur gengin til liðs við FBI eftir þriggja mánaða pyntingar sem hún slapp naumlega frá.



**LUCIFER**
Stórskemmtileg sería um hinn illa Lucifer sem snýr aftur en hann vill verða betri maður en áður. Hann kynnist Ellu Lopez og þá breytist allt.



**MAZE RUNNER: THE SCORCH TRIALS**
Ævintýrið heldur áfram og nú þarf að finna út úr því hverjir standa á bak við völundarhúsið sem drengirnir voru lokaðir inni í og finna tilgang þess.



**THE DAY HITLER DIED**
Vandaður heimildarþáttur sem fjallar um síðustu klukkutímana í lífi Adolfs Hitlers í frásögn samferðafólks hans.

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is



# DAGSKRÁ

# Þriðjudagur

## STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.20** Ærslagangur Kalla kanínu og félaga
**07.45** The Middle
**08.10** Mike & Molly
**08.30** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.15** First Dates
**11.05** Drop Dead Diva
**11.50** Suits
**12.35** Nágrannar
**13.00** American Idol
**14.25** Teenage Mutant Ninja Turtles
**16.05** Planet's Got Talent Frábærir þættir þar sem sýnd verða eftirminnilegustu atriðin úr Got Talent þáttunum um víða veröld og þar á meðal er Jón töframaður úr Ísland Got Talent. Kynnir er Warwick Davis.
**16.30** The Simpsons
**16.55** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Íþróttir
**19.10** Anger Management
**19.35** The Secret Life of a 4 Year Olds
**20.20** Timeless
**21.05** Notorious
**21.50** Blindspot Önnur þáttaröðin af spennuþáttunum um Jane, unga konu sem finnst á Times Square en hún er algjörlega minnislaus og líkami hennar er þakinn húðflúri. Alríkislögreglan kemst að því að hvert húðflúr er vísbending um glæpamál sem þarf að leysa.
**22.35** Lucifer
**23.20** Black Widows
**00.05** Nashville Þriðja syrpa þessara frábæru þátta þar sem tónlistin leikur stórt hlutverk og fjallar um kántrísöngkonunar Raynu Jaymes og Juliette Barnes sem eiga í stöðugri valdabaráttu. Með aðalhlutverk fara Connie Britton og Heyden Panettiere.
**00.50** Pure Genius
**01.35** The Brink Gamanþættir með Jack Black og Tim Robbins í aðalhlutverkum. Heimurinn er á barmi þriðju heimsstyrjaldar og aðeins einn maður getur hjálpað bandarísku ríkisstjórninni og hernum til að koma í veg fyrir það.
**02.10** NCIS
**02.55** 11/22/63
**03.45** Legends
**04.30** Covert Affairs

## STÖÐ 2 SPORT

**07.15** Premier League
**08.55** Premier League
**10.35** Premier League
**12.15** Wayne Rooney Film
**13.15** Enska 1. deildin
**14.55** Enska 1. deildin
**17.05** Premier League
**19.15** Premier League Review
**20.10** Premier League
**21.50** NBA
**23.50** Körfuboltakvöld

## STÖÐ2 SPORT 2

**08.55** Premier League
**10.35** Premier League
**12.15** Premier League
**13.55** Premier League
**15.35** League Cup
**18.10** Dominos deildin
**20.00** Kvennalandsliðið í Kína
**21.10** Enska 1. deildin
**22.50** Premier League

## STÖÐ 3

**17.30** Cristela
**17.55** Mike and Molly
**18.15** The New Girl
**18.40** Modern Family
**19.05** Þriðjudagskvöld með Frikka Dór
**19.40** Last Man on Earth
**20.05** Schitt's Creek
**20.30** The Day Hitler Died
**21.20** The Americans
**22.10** The Wire
**23.10** Klovn
**23.35** Game of Thrones
**00.30** The Mentalist
**01.10** Man Seeking Woman
**01.35** Supernatural
**02.15** Last Man on Earth
**02.40** Schitt's Creek
**03.05** The Day Hitler Died
**03.55** Tónlist

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Könnuðurinn Dóra
**07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**07.47** Doddi litli og Eyrnastór
**08.00** Áfram Diego, áfram!
**08.24** Svampur Sveinsson
**08.49** Lalli
**08.55** Rasmus Klumpur og félagar
**09.00** Ævintýri Tinna
**09.25** Hvellur keppnisbíll
**09.37** Stóri og Litli
**09.49** Gulla og grænjaxlarnir
**10.00** Víkingurinn Viggó
**10.13** Kormákur
**10.25** Strumparnir
**10.47** Mæja býfluga
**11.00** Könnuðurinn Dóra
**11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**11.47** Doddi litli og Eyrnastór
**12.00** Áfram Diego, áfram!
**12.24** Svampur Sveinsson
**12.49** Lalli
**12.55** Rasmus Klumpur og félagar
**13.00** Ævintýri Tinna
**13.25** Hvellur keppnisbíll
**13.37** Stóri og Litli
**13.49** Gulla og grænjaxlarnir
**14.00** Víkingurinn Viggó
**14.11** Kormákur
**14.23** Strumparnir
**14.45** Mæja býfluga
**15.00** Könnuðurinn Dóra
**15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**15.47** Doddi litli og Eyrnastór
**16.00** Áfram Diego, áfram!
**16.24** Svampur Sveinsson
**16.49** Lalli
**16.55** Rasmus Klumpur og félagar
**17.00** Ævintýri Tinna
**17.25** Hvellur keppnisbíll
**17.37** Stóri og Litli
**17.49** Gulla og grænjaxlarnir
**18.00** Víkingurinn Viggó
**18.11** Kormákur
**18.23** Strumparnir
**18.45** Mæja býfluga
**19.00** Loksins Heim

## GOLFSTÖÐIN

**08.00** Italian Open
**12.45** The Barclays
**16.05** PGA Tour
**17.00** Golfing World
**17.50** 2016 FedExCup Playoffs Official Film
**18.45** Deutsche Bank Championship
**20.20** PGA Tour 2016
**21.15** Reignwood LPGA Classic

## BÍÓSTÖÐIN

**11.20** The Future
**12.50** One Chance
**14.35** Frost/Nixon
**16.40** The Future Vísindadrama með gamansömu ívafi frá árinu 2011. Myndin fjallar um hvernig lífsviðhorf ungs pars breytist á örskotsstundu þegar þau taka að sér flækingskött.
**18.10** One Chance
**19.55** Frost/Nixon
**22.00** Maze Runner: The Scorch Trials
**00.15** Jayne Mansfield's Car
**02.20** The Expendables 3
**04.25** Gravity
**06.00** Maze Runner: The Scorch Trials

## RÚV

**08.00** KrakkaRÚV
**08.01** Ofur Groddi
**08.06** Froskur og vinir hans
**08.15** Veistu hvað ég elska þig mikið
**08.26** Vinabær Danna Tígurs
**08.39** Ólivía
**08.50** Dóta læknir
**09.12** Hvolpasveitin
**09.35** Sara og önd
**09.42** Litli prinsinn
**10.05** Jólasveinarnir í Dimmuborgum
**10.30** Hákarlabeita
**11.45** Rétt viðbrögð við skyndihjálp
**11.50** Vinur í raun
**12.15** Atlantshaf – ólgandi úthaf
**13.10** Áfram, konur!
**13.40** Jóla-Landinn
**14.10** Jólin hjá Claus Dalby
**14.20** Innlit til arkitekta í útlöndum – Julien De Smedt
**14.50** Broadcast News
**17.00** Downton Abbey
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Hopp og hí Sessamí
**18.24** Unnar og vinur
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**20.10** Billionaire Boy
**21.15** Fröken Frímann fer í stríð
**22.20** Roots
**00.00** Chef
**01.50** Kastljós
**02.20** Dagskrárlok (74)

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** America's Funniest Home Videos
**08.20** The Grinder
**08.45** Grandfathered
**09.05** Life in Pieces
**09.30** The Muppets
**09.50** Parks & Recreation
**10.15** 30 Rock
**10.40** Minute To Win It Ísland
**11.30** Læknirinn í eldhúsinu
**12.00** The Voice Ísland
**13.30** This Is Us
**14.15** Portúgal - Ísland
**16.20** The Seven Year Hitch
**17.55** Dr. Phil
**18.35** Everybody Loves Raymond
**19.00** King of Queens
**19.25** How I Met Your Mother
**19.50** Younger
**20.15** Royal Pains
**21.00** Rosewood
**21.45** Morning Glory
**23.35** Meet the Parents
**01.25** My Life Without Me
**03.15** Bull
**04.00** Quantico
**04.45** Rosewood
**05.30** Síminn + Spotify

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |

# ÚTSALAN HEFST Í DAG!

## – 27. DESEMBER –

**30%** AFSLÁTTUR

**50%** AFSLÁTTUR

**70%** AFSLÁTTUR

**INTERSPORT AKUREYRI** / SÍMI 460 4891 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.
**INTERSPORT BÍLDSHÖFÐA** / SÍMI 585 7220 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 11 - 17. SUN. 13 - 17.
**INTERSPORT SELFOSSI** / SÍMI 480 4611 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.

SPORT TO THE PEOPLE

INTERSPORT®

# Héldu uppi stuðinu á Þorláksmessu



**Eins og við var að búast var góð stemning á tónleikum Sturla Atlas og 101 Boys á Þorláksmessu í verslun Macland. Hljómsveitin hélt uppi stuðinu inni í versluninni á meðan áhorfendur stóðu fyrir utan og fylgdust með. Eins og sjá má á meðfylgjandi myndum var mikið stuð á Laugaveginum!**

**Svona var stemmningin í Macland á Þorláksmessu.** MYNDIR/EYÞÓR



**Sigurbjartur Sturla og Jóhann Kristófer úr Sturla Atlas.**



**Kjartan Hreinsson, Veigar Ölnir Gunnarsson og Jón Pétur Þorsteinsson.**



**Áhorfendur stóðu fyrir utan og fylgdust með tónleikunum.**



**Það var ansi mikið stuð fyrir utan Macland.**



**Robin Bowie og Unnsteinn Manúel.**

JAFNVÆGISHJÓL
Á jólatilboði!
Tilvalin jólagjöf
Frábær hjól fyrir börn til þess að læra að halda jafnvægi og stíga sín fyrstu skref á hjóli. Einstaklega létt, 2,9 kg., engir pedalar, keðja eða oddhvassir hlutir sem geta meitt.

30% Afsláttur
Verð aðeins 12.590,- kr
Áður 17.990,-
STRIDER
NITRO Urðarhvarfi 4 / 203 Kópavogi / Sími 557 4848 / www.nitro.is

Jólagjöfin í ár - Algjör snilld!
Wrapmaster ...ómissandi í eldhúsið!
Hlaða · Draga út og vefja · Þrýsta og skera · Geyma

- Klippir álfilmur og plast
- 35% sparnaður
- Ódýrari áfyllingar
- Má setja í uppþvottavél
- Afar auðvelt í notkun
Engar flækjur Ekkert vesen
Fæst í FK, Hagkaupum, Byko, Nettó, Krónunni, Kjarval og Húsasmiðjunni.


Borða
Drekka
tyggja
WRIGLEY'S
Extra®
Tannlæknafélag Íslands mælir
með notkun xylitols sem
aðalsætuefnis í tyggigúmmíi

# ÁRAMÓTA BOMBUR

iPad mini 4 16GB/4G
SpaceGray
**Tilboð: 59.990**
Listaverð: 99.990



Mac mini tilboð
Mac mini 2,6GHz/1TB/8GB (MGEN2)
24" HP skjár HD (M1N99AA)
Apple USB lyklaborð (MB110IS/B)
Macally USB mús (BUMPERMOUSE)

**Tilboð: 157.950**
Listaverð: 217.950



TILBOÐ EINGÖNGU Í VERSLUN LAUGAVEGI 182

EPLI

Verslanir á Laugavegi 182 og í Smáralind • sími 512 1300 • epli.is

Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar. Tilboð gilda meðan birgðir endast.






Tónlistarmaðurinn George Michael lést á jóladag, 53 ára að aldri.

# Rennt yfir feril George Michael

Þær sorgarfregnir bárust á jóladag að tónlistarmaðurinn **George Michael** væri fallinn frá, 53 ára að aldri. Michael snerti við mörgum með tónlist sinni og afrekaði mikið á ævi sinni. Því er ekki úr vegi að stikla á stóru og rifja upp feril þessa magnaða tónlistarmanns.



Hljómsveitin Wham! á tónleikum í London árið 1984.

**25. júní 1963** Tónlistarmaðurinn **George Michael fæddist** sem Georgios Kyriacos Panayiotou í London.

**1976** George Michael **kynnist Andrew Ridgely.**

**1981 Hljómsveitin Wham! verður til**. Hún er skipuð þeim George Michael og Andrew Ridgely.

**16. júní 1982** Wham! sendir frá sér sína fyrstu smáskífuna **Wham Rap!**

**1. júlí 1983** Fyrsta plata **Wham!, Fantastic**, kemur út. Sú plata komst í fyrsta sæti yfir vinsælustu plötur Bretlands.




**23. október 1984** Önnur plata sveitarinnar, **Make it big**, kemur út. Platan komst í fyrsta sæti á lista yfir vinsælustu plöturnar í Bandaríkjunum.

**14. maí 1984** Lagið **Wake me up before you go-go** frá Wham! kemur út og nær miklum vinsældum. Lagið kemst í fyrsta sæti yfir vinsælustu lögin, bæði í Bretlandi og Bandaríkjunum.

**24. júlí 1984** Michael sendir frá sér sína fyrstu sóló-smáskífu, **Careless whisper**. Lagið flýgur upp vinsældalista víða um heim.

**24. nóvember 1984** Michael syngur jólalagið **Do they know it's Christmas** ásamt ótal öðru tónlistarfólki sem skipaði hópinn Band Aid. Um góðgerðarverkefni var að ræða þar sem safnað var fyrir fórnarlömb hungursneyðar í Eþíópíu.

**10. desember 1984** Smáskífa **Wham!** með lögunum **Everything she wants / Last Christmas** kemur út. Hún kemst í fyrsta sæti á vinsældalistum í Bandaríkjunum.

**4. nóvember 1985** Plata Eltons John, Ice on fire, kemur út. Michael syngur með honum inn á tvö lög, **Nikita og Wrap her up.**

**31. maí 1986. Wham!** gefur út plötuna **The Final**.



**Júlí 1986** Fjórða plata **Wham!, Music from the edge of heaven**, kemur út.

**1. janúar 1987** Michael, gefur út lagið **I knew you were waiting for me** með Arethu Franklin.

**31. október 1987** George Michael sendir frá sér sína **fyrstu sólóplötu, Faith.**

**3. september 1990** önnur sólóplata Michael, **Listen without prejudice Vol. 1**, kemur út.

**13. maí 1996** þriðja sólóplata Michael, **Older,** kemur út.




**13. desember 1999** fjórða sólóplata Michael, **Songs from the last century,** kemur út.

**8. ágúst 2000** Michael og söngkonan Whitney Houston gefa út lagið **If I told you that.** Lagið var hluti safnplötu frá Houston.

**18. mars, 2004 Patience,** fimmta sólóplata George Michael kemur út.

**25. desember 2016** George Michael, **lést** á heimili sínu í þorpinu Goring við Thames-á í Oxfordshire, 53 ára.


NÝJA-LAUGARDALSHÖLLIN 31. JÚLÍ
RED HOT
CHILI
PEPPERS
pepsi MAX
MIÐASALA Á MIÐI.IS · WWW.SENA.IS/RHCP
sena LIVE!

# DORMA

Láttu drauminn rætast

SMÁRATORG | HOLTAGARÐAR
AKUREYRI | ÍSAFJÖRÐUR




**C&J stillanleg rúm:**

Charlotte & Julien
Dream your world™

SHAPE
BY NATURE'S BEDDING

- Inndraganlegur botn
- 2x450 kg lyftimótorar
- Mótor þarfnast ekki viðhalds
- Tvíhert stál í burðargrind
- Hliðar- og endastopparar
- Val um lappir með hjólum eða töppum
- Hljóðlátur mótor

| Stærð cm. | Shape og C&J silver |
|---|---|
| 2x80x200 | 349.900 |
| 2x90x200 | 369.900 |
| 2x90x210 | 389.900 |
| 2x100x200 | 389.900 |
| 120x200 | 199.900 |
| 140x200 | 224.900 |

DORMA **VERÐ**

Holtagörðum, 512 6800
Smáratorgi, 512 6800
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafjörður

Afgreiðslutími sjá
www.dorma.is

DORMA
Láttu drauminn rætast






Auður Aradóttir, fer með hlutverk Sölku Völku þegar hún er lítil. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Ímynda mér að ég hafi leikið þetta áður

**Auður Aradóttir** dóttir Ilmar Kristjánsdóttir leikkonu, stígur sín fyrstu skref á fjölum leikhússins þar sem hún leikur Sölku Völku þegar hún er barn í sýningunni Salka Valka. Þess má geta að Ilmur var ólétt af Auði þegar hún sjálf fór með hlutverk Sölku fyrir tíu árum.

Það er náttúrulega dásamlegt að fylgjast með henni og hlýða henni yfir texta sem ég fór sjálf með. Ég hef ekkert séð af sýningunni en hún nýtur þess að vera í leikhúsinu. Það er auðvitað öryggi í því að þekkja þetta umhverfi og vita af henni í góðum höndum," segir Ilmur Kristjánsdóttir leikkona, spurð að því hvernig henni finnst að fylgjast með dóttir sinni leika í Sölku Völku sem frumsýnd verður 30. desember í Borgarleikhúsinu.

Fyrir tíu árum fór Ilmur með hlutverk Sölku í sýningunni, og var þá ólétt af Auði.

„Ég man að ég komst að því að ég var ólétt sama dag og Bessi Bjarnason var jarðaður. Við vorum tiltölulega nýbyrjuð að æfa og ég sagði ekki frá óléttunni fyrr en eftir frumsýningu. Þá hafði komið í ljós að Halldóra Geirharðs sem lék mömmu mína var líka ólétt. Við lékum þetta þangað til ég var komin fimm mánuði á leið og sá þá töluvert á mér. Edda Heiðrún leikstýrði sýningunni og hún vildi eigna sér þessa frjósemi og hún mátti það alveg," segir Ilmur.

Ilmur hefur aðstoðað Auði með hlutverkið og hefur getað frætt dóttur sína um Sölku, enda þekkir hún vel þessa miklu og sterku persónu sem hún er.

„Það er mjög skemmtilega tilhugsun, að mamma hafi verið með mig í maganum þegar hún lék Sölku Völku. Þá get ég svona eiginlega ímyndað mér að ég hafi leikið þetta áður. Þó svo að ég hafi ekki gert það þá var ég einhvern veginn á staðnum. Mamma hefur líka hjálpað mér mikið með hlutverkið, sagt mér hvernig Salka Valka er og svoleiðis," segir Auður Aradóttir. Salka Valka er hetjusaga ungrar stúlku sem brýst úr fátækt og fáfræði og nær að verða mikils metinn þjóðfélagsþegn af eigin rammleik með seiglu og einbeittum vilja.



Leikhúsmæðgurnar Ilmur og Auður. MYND/ILMUR.

„Salka er ákveðin, sterk og hugrökk. Hún býr með mömmu sinni og svolítið skrítnum og erfiðum manni og þess vegna er hún mjög hugrökk. Hún lítur ekki upp til hans því að hann er oft mikið fullur," segir Auður.

Æfingar standa sem hæst hjá leikhópnum þessa dagana og er því nóg um að vera hjá Auði í leikhúsinu.

„Mér finnst æfingarnar ganga bara nokkuð vel og ég er orðin mjög spennt fyrir frumsýningunni. Ég og Júlía, stelpan sem leikur hlutverkið á móti mér, bíðum mikið á æfingum því að við erum ekki á sviðinu allan tímann. En það er mjög gaman því að við Júlía erum góðar vinkonur og finnum okkur alltaf eitthvað skemmtilegt að gera," útskýrir Auður.

En er ekkert erfitt fyrir tíu ára stelpu að æfa svona mikið og lengi?

„Þetta er eiginlega bara gaman, þó það sé stundum erfitt að hafa svona mikið að gera. Svo finnst mér líka mjög áhugavert að leika svona fátæka stelpu sem þarf mikið að hjálpa mömmu sinni með alls konar," segir Auður.

Auður hefur þó nokkra reynslu í leiklistarbransanum en hún hefur komið fram í þáttunum Stelpurnar okkar frá því hún var lítil stelpa, og auk þess lék hún stórt hlutverk í kvikmyndinni Eiðnum, sem sló rækilega í gegn á árinu.

„Það er allt öðruvísi að leika í bíómynd en að leika á sviði, ef maður ruglast í bíómynd þá er það bara tekið aftur. En ef maður ruglast í leikhúsinu þarf maður bara að bjarga sér. Mér finnst líka aðeins skemmtilegra að fá að leika fyrir framan fólk og sjá fólkið sem ég er að leika fyrir," segir hún spennt.

Ætlar þú að verða leikkona þegar þú verður stór?

„Já, ég ætla að vera leikkona þegar ég verð stór, af því að mér finnst mjög gaman að leika," segir Auður.

gudrunjona@frettabladid.is

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

Glæsilegt úrval á pier.is



# GLEÐILEGT NÝTT ÁR

## 20% AFSLÁTTUR AF GRÍMUM



Gildir 27.– 30. des.



## 3 FYRIR 2 AF GLÖSUM

## 70% AFSLÁTTUR AF JÓLAVÖRU









**OPNUNARTÍMI 27.– 31. DESEMBER**

27.-30. DES. Opið 11.00–18.30 í öllum verslunum
31. DES. LOKAÐ í öllum verslunum

the PIER



Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880

FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 512 5000 Vísir
Ritstjórn 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild auglysingar@frettabladid.is Prentun Ísafoldarprentsmiðja
ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.
Póstdreifing Dreifing dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

Bakþankar

Jóhanns
Óla Eiðssonar



# Bölvuð mandlan

Fyrir utan eina litla hefð þá eru jólin frábær. Við vitum öll um hvaða hefð er að ræða. Hefð sem hyglar sumum en leggur aðra nánast í einelti. Brýtur þá niður. Skilur einstaklinga eftir með sárt ennið ár eftir ár.

Auðvitað er það bölvaður möndlugrauturinn. Maður hefði haldið að þetta fræ, sem blandað er saman við eftirrétti í sparifötunum, myndi lenda nokkuð jafnt í skálum fjölskyldumeðlima en svo virðist ekki vera. Eftir rúm 23 ár af þessari jarðvist hefur þetta drasl aldrei endað hjá mér. Á sama tíma heyrir maður aðra gorta sig af því að þeir muni keppa fyrir Íslands hönd á Ólympíuleikunum í möndlugrautsáti eftir að hafa fengið möndluna þrjú ár í röð. Absúrd hreint út sagt. Það verður ekkert Tókýó 2020 fyrir mig.

Ég veit ég á fleiri en eitt þjáningarsystkin og líklega fleiri en tvö. Hvert einasta ár er þetta eins. Grauturinn, sem er að vísu búðingur í tilfelli okkar fjölskyldu, er fram borinn og í brjósti manns kviknar barnsleg von um að þetta verði árið sem allt breytist. Fyrstu skálinni eru gerð skil, síðan annarri og til að fullkomna sjálfsfyrirlitninguna sporðrennirðu þeirri þriðju. Með hverri skeiðinni dofnar neistinn. Þú áttar þig smám saman á því að það hlakkar í einhverju skyldmenni þínu sem geymt hefur möndluna í kinninni og fylgst með þér borða þér til óbóta. Gleðileg fokking jól.

Vandamálið er auðleyst. Ekki fleiri kramin hjörtu og brostnar vonir á aðfangadag. Björgum jólunum. Bönnum möndlugrautinn fyrir fullt og allt.

P.S. Þessu algerlega ótengt og alveg út í bláinn. Ef fjölskyldan þín ákveður að gefa ekki gjafir um jólin þá er hún að reyna leiða þig í gildru.







